

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

„sambýliskonur [...] í sama kroppi,
í sama höfði, í sama blóði“

Um samband Dísu og Gríms
í *Dísusögu* eftir Vigdísí Grímsdóttur

[...] ég leyfi mér að fullyrða að í raun og sann hafa þessi fjögur skáld [Halldór Laxness, Svava Jakobsdóttir, John Steinbeck og Sylvia Plath], og öll hin sem henni hefur dottið í hug að nefna við hitt og þetta tækifærið, ekki haft nándar nærri jafnmikil áhrif á líf hennar og ritstörfin öll og tveir vondir menn höfðu fyrir fimm tíu árum þegar þeim tókst með illsku sinni og græðgi að tæma gleðina og traustið úr barnslegu brjósti mínu.

Viltu kannast við þetta núna, Gríms?

Ég veit það ekki.

– Viltu ekki kannast við að allar bækurnar þínar hafi fjallað meira og minna um okkur tvær, um kúgarann og hinn kúgaða, um lífið og óttann, um raddirnar í höfðinu? segi ég.

– Ansi held ég að það sé mikil einföldun, Dísu mín, segir hún [...]¹

Þetta textabrot er fengið úr *Dísusögu: Konunni með gulu töskuna* eftir Vigdísí Grímsdóttur. Sagan kom út árið 2013 og hefur verið flokkuð sem skáld-

¹ Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga: Konan með gulu töskuna*, Reykjavík: JPV, 2013, bls. 131. Eftirleiðis verður vísað til sögunnar með blaðsíðutali einu í sviga.



ævisaga.² Í því greinir Vigdís frá nauðgun sem hún varð fyrir sem barn en þó einkum afleiðingum hennar. Fram kemur að hún hafi ákveðið að þegja um glæpinn en afleiðingar hans, eins og þeim er lýst í verkinu, er klofningur hennar í tvær persónur; Dísu og Gríms. Það er Dísu sem talar í textanum hér að ofan en í sögunni segist hún ekki bara hafa orðið fyrir nauðguninni heldur hafi Gríms orðið til í framhaldinu, hún hafi komið og verndað hana fyrir afleiðingunum en um leið tekið yfir líkamann sem þær deila. Gríms hefur markvisst haldið Dísu niðri en nú gefur hún Dísu í fyrsta skipti tækifæri á að láta ljós sitt skína og skrifa sögu sína: *Dísusögu*.

Þegar nauðgunin var framin var samfélagsafstaða önnur en nú því um kynbundið ofbeldi var lítið sem ekkert rætt. Í sögunni er áhrifum þagnar um nauðganir lýst en í brennidepli eru átök sjálfsins, samskipti persónanna Dísu og Gríms og valdabaráttu þeirra. Í þessari grein verður fyrst rætt um ólík viðhorf til kynferðisafbrotu á ólíkum tímum með hliðsjón af viðtökum þeirra verka Vigdísar sem hafa verið tengd persónu hennar sjálfar. Þá verða reifaðar kenningar um samræðusjálfi og tráma og þær tengdar persónunum Dísu og Gríms. Í kjölfarið verður skoðað hvernig Dísu gerir greinarmun á sjálfri sér og Gríms meðal annars með því að beita ákveðnum líkingum og íróni. Að lokum verður fjallað um *Dísusögu* sem dæmi um sjálfsþerapiu; enda þótt áhersla sé þar lögð á átökin á milli raddanna tveggja skal því haldið fram að sagan sé engu að síður aðferð til að setta tvær ólíkar raddir í sama kroppi.

Þá og nú

Lengi fór ekki mikið fyrir opinberri umræðu um kynferðisofbeldi á Íslandi en á níunda áratug síðustu aldar – í kjölfar annarrar bylgu femínismans – varð breyting á. Til marks um opnari umræðu má nefna að orð eins og

² Sjá t.d. flokkun Forlagsins á sögunni á vefsíðu þeirra. *Forlagið*, sótt 15. febrúar 2019, af <https://www.forlagid.is/vara/disusaga-konan-me%3%b0-gulu-toskuna/>. Í viðtali Egils Helgasonar við Vigdísu Grímsdóttur um *Dísusögu*, í Kiljunni, segir Egill að flokka megji söguna sem skáldævisögu. Vigdís tekur undir að það sé „ágætt að flokka þetta bara sem skáldævisögu, skáldaða ævisögu“ og Egill bætir við að verkið sé líka ævisaga skálds sem Vigdís samþykkir. Sjá Egill Helgason, *Kiljan*, viðmælandi Vigdís Grímsdóttir, sjónvarpsþáttur sýndur 23. október 2013, RÚV. Hugtakið skáldævisaga er sumpart vandræðahugtak. Með hliðsjón af mörgum minnisrannsóknnum er ljóst að fólk man sjaldnast fortíð sína nákvæmlega heldur fyllir í eyðurnar með hjálp ímyndunarafslins. Sbr. Daniel L. Schacter, *Searching For Memory: The Brain, The Mind And The Past*, Basic Books, 1996, bls. 40 og 91. Þar með eru allar ævisögur að einhverju leyti skáldaðar og gætu því allar talist vera skáldævisögur. Reyndar er aukaatriði hvaða merkimiði er settur á *Dísusögu* Vigdísar en lykilatriðið er að sagan er byggð á ævi skáldkonunnar og segir því frá reynslu hennar og upplifun með hjálp skáldskaparins.

„nauðgun“, „kynferðislegt ofbeldi“ og „kynferðisleg áreitni“ urðu mun algengari í dagblöðum og tímaritum en fyrir.³ Frekara umtal leiddi til aðgerða en á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars árið 1989 héldu íslenskar konur frá fjölmörgum kvennasamtökum og félögum baráttufund í Hlaðvarpanum.⁴ Þar greindu þær frá starfi sínu, helguðu daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi og ákváðu að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi. Fyrsta verkefni nýstofnuðu samtakanna var að koma á fót ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi. Ári síðar höfðu fengist fjárframlög frá ríkinu sem varð til þess að á eins árs afmæli samtakanna, 8. mars 1990, hófu Stígamót, grasrótarsamtök gegn kynferðisofbeldi, starfsemi sína.⁵

Bókmenntir hafa átt þátt í að vekja athygli á ýmsum kimum mannlífsins, efla umræðu, auka skilning lesenda svo ekki sé minnst á að þær geta og hafa haft bein áhrif á samfélagsatburði. Síðasta aldarfjórðunginn eða svo hefur orðið augljós sprenging á Íslandi í útgáfu á skáldsögum og ævisögum/lífsreynslusögum sem fjalla um kynferðisofbeldi og segja frá hvernig þolendur hafa unnið úr reynslu sinni. Skáldsagan *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* eftir Vigdís Grímsdóttur er í hópi slíkra sagna. Hún kom út haustið 1989 og er því meðal allra fyrstu bóka íslenskra sem fjalla á afar opinskáan hátt um kynferðislegt ofbeldi en þar segir meðal annars frá nauðgun á barni, sifjaspellum og vændi. Vegna þess hve umræðan var tekin að opnast um ofbeldi af þessu tagi var viðbúið að bók Vigdísar yrði tekið fagnandi af tilteknum hópi lesenda. Sú varð líka raunin. Sagan var í hópi söluhæstu jólabóka ársins,⁶ var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlaut síðar Menningarverðlaun DV. Hún fékk einnig að mestu leyti jákvæða dóma hjá gagnrýnendum dagblaða og tímarita.⁷ Til marks um vinsældir bókarinnar má einnig nefna að þremur árum eftir útkomu hennar var leikgerð eftir henni sett á svið í Þjóðleik-

³ Eins og sjá má ef slegin eru inn leitarorðin „nauðgun“, „kynferðislegt ofbeldi“ og „kynferðisleg áreitni“ á timarit.is stóreykst tíðni orðanna á níunda áratugnum. Sjá *Tímarit.is*, sótt 15. febrúar 2019.

⁴ „Stofnun Stígamóta“, *Stígamót*, sótt 16. apríl 2019 af <https://www.stigamot.is/is/um-stigamot/saga-stigamota>.

⁵ Sama heimild.

⁶ Sjá t.d. „Metsölulisti Eymundssonar“ sem birtist í *Morgunblaðinu* 22. desember 1989, bls. 4, en þar prýðir *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* annað sætið.

⁷ Sbr. María Anna Þorsteinsdóttir, „Nornarspegill“, *Tíminn*, 13. desember 1989, bls. 9; Gísli Sigurðsson, „Ein er upp til fjalla“, *DV*, 7. desember 1989, bls. 90; Silja Aðalsteinsdóttir, „En þú Ísbjörg, hafðir þú ástæðu?“, *Tímarit Máls og menningar*, 52: 1/1990, bls. 106–108, hér bls. 106.

húsinu. Ári síðar, 1993, var sagan þýdd á dönsku en haustið eftir var settur upp einþáttungur í Kaupmannahöfn, byggður á henni, og seinna víðar á Norðurlöndum. Sagan var auk þess kennd víða í framhaldsskólum í mörg ár.

En þrátt fyrir þessar jákvæðu viðtökur féll bókin ekki í kramið hjá öllum því ákveðinn hópur innan samfélagsins átti bággt með að þola eldfimt efni hennar. Vigdís hefur sjálf greint frá því að hún hafi mátt þola árásir af ýmsu tagi vegna sögunnar.⁸ Til dæmis var bíllinn hennar eyðilagður eina nóttina þegar hellt var yfir vélna málningu, henni voru sendir haturspóstar, „sumir innihéldu texta úr orðum klipptum úr dagblöðum sem límd höfðu verið saman. Önnur bréf voru með klámmyndum sem búið var að fróa sér yfir og Vigdís bárust jafnvel líflátshótanir.“⁹ Á þessum tíma var Vigdís einstæð tveggja barna móðir en árásirnar höfðu þau áhrif að fjölskyldan varð hrædd og þorði vart út fyrir hússins dyr. Vegna stöðugs áreitis við húsið sá Vigdís sig knúna til að taka nafn sitt af dyrabjöllunni.¹⁰ Þegar leikritið um Ísbjörgu var sett á svið hófust sendingarnar aftur. Í von um að hægt væri að finna sökudólgana og sækja þá til saka safnaði Vigdís póstunum og færði lögreglu, en verkefnið var henni ofviða. Vegna hvatninga frá vinkonum ákvað hún því að eyða öllum póstum sem henni bárust.¹¹ Þessi ofsafengnu viðbrögð lesenda eru athyglisverð einkum með tilliti til þess hve miklar breytingar voru að verða á viðhorfi til kynferðisafbrotá í samfélaginu á þessum tíma en eins og Vigdís sagði sjálf í viðtali um Ísbjörgu rúmlega tveimur áratugum síðar: „Þetta þýddi það að bókin hreyfði við fólki og hafði lífsmark. Það er alltaf gott þegar manni tekst að vekja upp tilfinningar og fá fólk til að hugsa.“¹²

Tæpum aldarfjórðungi eftir að *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* kom út, árið 2013, sendi Vigdís frá sér bókina *Dísusaga: Konan með gulu töskuna*. Þegar hún kom út var samfélagið orðið enn opnara en áður og málefni eins og kynferðislegt ofbeldi ekki lengur tabú en til marks um það má nefna að árið 2013 bárust lögreglu 735 tilkynningar um kynferðisafbrot eða fleiri tilkynn-

⁸ Sjá t.d. Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Sá sig í fyrsta skipti þegar hún dó“, *DV*, 2.–4. desember 2011, bls. 32, 49–50 og Ásdís Thoroddsen, „„Og þessi voðalega kona...“ – hvernig samtíminn brást (við) þremur konum á síðustu öld“, *Knúz, femínískt vefrit*, 2015, sótt 15. febrúar 2019 af <https://knuz.wordpress.com/2015/05/19/og-thessi-voðalega-kona-hvernig-samtíminn-brast-vid-thremur-konum-a-sidustu-old/>.

⁹ Ásdís Thoroddsen, „„Og þessi voðalega kona...“ – hvernig samtíminn brást (við) þremur konum á síðustu öld“.

¹⁰ Sama heimild og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Sá sig í fyrsta skipti þegar hún dó“, bls. 50.

¹¹ Ásdís Thoroddsen, „„Og þessi voðalega kona...“ – hvernig samtíminn brást (við) þremur konum á síðustu öld“.

¹² Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Sá sig í fyrsta skipti þegar hún dó“, bls. 50.

ingar en nokkurn tímann áður.¹³ *Dísusaga* er ekki fyrsta verk Vigdísar sem hún byggir á sjálfsævisögulegum atriðum því áður hafði hún sent frá sér ljóðabókina *Minningabók* (1990) sem hún orti í minningu föður síns. Engu að síður hafa ýmsar aðrar bækur Vigdísar verið tengdar henni sjálfri en hún hefur t.d. greint frá því að margir hafi haldið að sagan um Ísbjörgu væri sjálfsævisöguleg: „Fólk taldi að ég hlyti að vera að skrifa um eigin reynslu en það var ekki rétt. Höfundar fá oft að heyra þetta þegar þeir fjalla um erfið mál, sérstaklega kvenhöfundar. En þú þarft ekki að hafa upplifað neitt sjálf til að geta skrifað um það. Þú þarft bara að kynna þér aðstæður, hafa hæfileika til að setja þig í spor annarra og vera næmur á eðli mannsins.“¹⁴ Vigdís hefur einnig upplýst að oft hafi umtalið og tengingar söguefnis við hana sjálfa reynst henni erfiðar en í viðtali við Pétur Blöndal í bókinni *Sköpunarsögur* segir hún meðal annars:

Þegar Ísbjörg kom út var umtalið erfitt gagnvart mér og minni fjölskyldu og ég tók það nærri mér. En svo hverfur umtalið. Og þá er það líka búið. En það var erfitt að kyngja sumu. Eins og þegar kerling sagði við aðra kerlingu í boði: „Það er voðalegt hvað Vigdís hefur átt erfitt – að vera misnotuð í æsku.“ Þá vindur sér að sú þriðja og segir: „Ég þekki hana – þetta er skáldsaga!“ En það situr í manni ef umtalið er orðið svo mikið að einhver sem manni þykir mjög vænt um fari að efast, hvort þetta gæti verið rétt? Og pabbi sem var minn besti vinur! Ísbjörg hafði ekkert með hann að gera. Þetta getur verið alveg óþolandi, en auðvitað eru mun fleiri jákvæðar hliðar.¹⁵

¹³ Sbr. „735 tilkynningar um kynferðisbrot 2013“, *RÚV*, 8. janúar 2014, sótt 15. febrúar 2019, sótt af <http://www.ruv.is/frett/735-tilkynningar-um-kynferdisbrot-2013>. Tilkynningar um kynferðisafbrot voru óvenju margar árið 2013 en ástæður þess hafa meðal annars verið tengdar því að Kastljós afhjúpaði kynferðisafbrot Karls Vignis Þorsteinssonar í upphafi árs en sá fréttaflutningur er sagður hafa opnað fyrir flóðgáttir þess að fólk tilkynnti um ofbeldi sem það hefði orðið fyrir. Tilkynningarnar árið 2013 voru tvöfalt fleiri en árið 2012 en frá árinu 2009 hefur verið tilkynnt um að meðaltali 300 kynferðisofbeldismál á ári. Sama heimild.

¹⁴ Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, „Sá sig í fyrsta skipti þegar hún dó“, bls. 50. Á Ritþingi Gerðubergs árið 2011 sat Vigdís fyrir svörum en þar ræddi hún meðal annars viðtökur verka sinna og hvernig fólk gerði oft ekki greinarmun á veruleika og skáldskap. Sjá „Vigdís Grímsdóttir Ritþing“, 5. nóvember 2011, bls. 13.

¹⁵ Pétur Blöndal, „Vigdís Grímsdóttir: Og ég varð ein af skrítna fólkinu“, *Sköpunarsögur*, Reykjavík: Mál og menning, 2007, bls. 92–115, hér bls. 114.

Þó bókin *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* sé ekki byggð á lífi Vigdísar er engu að síður ljóst að kveikjuna að skáldsögunni má finna í raunverulegum atburðum en í öðru máli – þar sem aðrar persónur komu við sögu – en í *Dísusögu*.¹⁶ Þó er athyglisvert hve áþekkar lýsingarnar á nauðgun á barni eru í bókunum *Dísusaga* og *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón* en sú staðreynd gefur tilefni til þess að skoða söguna um Ísbjörgu í öðru og nýju ljósi.¹⁷ *Dísusaga* orkar sumpart eins og lykill að mörgum fyrri verkum Vigdísar; til dæmis er líklegt að lesendur hennar sjái umhugsunina um vald og valdaleysi – sem er eins og rauður þráður í gegnum verk hennar¹⁸ – á annan hátt en áður og skilji betur hvers vegna hún hefur börn gjarnan í aðalhlutverki,¹⁹ ekkert er nefnilega umkomlausara en barn svo ekki sé talað um barn sem beitt hefur verið ofbeldi.

Nauðgunin er tráma í lífi Vigdísar. Hún er atburður sem umlykur allt og breytir öllu. Sjálf tók Vigdís þá ákvörðun að þegja yfir ofbeldinu áratugum saman sem varð til þess að það lifði hvergi nema innra með henni sjálfri.²⁰ Afleiðingarnar eins og þeim er lýst í *Dísusögu* eru klofningur Vigdísar í tvær persónur, Dísu og Vigdísi Gríms. (sem iðulega er kölluð Gríms í sögunni) en þær eiga í stöðugri baráttu hvor við aðra um að tjá sig og vera til. Dísu og Gríms eru báðar sögumenn í verkinu. Þær eru hliðstæður og andstæður; þær hafa ólíkar hugmyndir og skoðanir, eru gjarnan ósammála en vega þó hvor aðra upp. Þær eiga það sameiginlegt að vera hýstar í kroppi Vigdísar Grímsdóttur og lifa fyrir vikið að einhverju leyti í einkaheimi hennar. Vigdís bókariðinnar – regnhlífin sem nær yfir persónurnar Dísu og Gríms – er auðvitað sviðsett þó nafn skáldkonunnar verði notað hér. Samkvæmt þeim stöllum, Dísu og Gríms, hefur Gríms skrifað allar bækur sem Vigdís Grímsdóttir er skræð fyrir en í *Dísusögu*, gefst Dísu í fyrsta skipti kostur á að skrifa sína sögu en þá með stöðugum framígripum Gríms.

Sagan er einkum samræður Dísu og Gríms en þó skrifuð í bréfaformi

¹⁶ Vigdís Grímsdóttir, munnleg heimild, 22. febrúar 2019.

¹⁷ Lýsingarnar eiga það sammerkt að árásarmaðurinn/mennirnir er ókunnugur/ókunnugir og nauðgunin á sér stað í verkfæraskúr/kofa. Vigdís Grímsdóttir, *Ég heiti Ísbjörg. Ég er ljón*, Reykjavík: Iðunn, 1989, bls. 93–97 og Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 128.

¹⁸ Sbr. sögurnar *Stúlkan í skóginum* (1992), *Þögnin* (2000) og *Trúir þú á töfra?* (2011).

¹⁹ Sbr. *Kaldaljós* (1987), *Grandavegur 7* (1994), *Þögnin* (2000), *Trúir þú á töfra?* (2011), *Frá ljósi til ljóss* (2001) og *Hjarta, tungl og bláir fuglar* (2002).

²⁰ Í *Dísusögu* kemur fram að Vigdís hafi fyrst sagt föðursystur sinni Unni frá ofbeldinu áratugum eftir að glæpurinn var framinn. Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 125 og 128.

til ónefnds elskhuga sem ávarpaður er með gælunafninu kisi.²¹ Hann er sá maður sem stöllurnar elska báðar, fyrrum elskhugi Gríms og sá sem Dísu þráir. Þó svo að kisi sé ein af þremur aðalpersónum sögunnar er aldrei gefið upp hver hann er eða fyrir hvað hann stendur. Hægt er að túlka hann á ýmsa veginum en hér verður litið á hann sem fulltrúa bókmenntaelítunnar á Íslandi. Þótt látið sé líta út fyrir að kisi sé aðalviðtakandi bréfsins og samþykki hans á verkinu sé markmiðið þá eru það fyrst og fremst viðbrögð Gríms við texta Dísu sem vega þyngst, sambandið þeirra á milli og ekki síst baráttan milli þeirra allt frá því að Gríms varð til. Þessi óvenjulega frásagnaraðferð og átökin á milli kvennanna tveggja, sem deila sama kroppi, gefa tilefni til að skoða sérstaklega afdrifaríkar afleiðingar nauðgunarinnar, það er klofninginn sem hún orsakaði, áhrifin á sjálfsálitið, samskipti við aðra og ekki síst sjálfsofbeldið sem kynferðislegt ofbeldi getur leitt af sér.

Samræðusjálfi

hún [...] gerir enga athugasemd við að ég segi að stundum hafi líf okkar verið baráttu upp á líf og dauða og að ég hafi oftast haft betur. En þó ég hafi oftast unnið stríðin okkar þá [...] þýðir [það] ekki að ég hafi ekki þráð að vera frjáls manneskja,

ein um minn huga,
ein um minn haus,
ein um minn líkama,
ein um mitt líf,
ein um þig, ástin mín. (17)

Svona kemst Gríms að orði í ávarpi til kisa þegar hún lýsir því hvernig það er að deila bókstaflega líkama með annarri konu. Hér kristallast flækjurnar sem fylgja því að ráða sér aldrei sjálfur og í sömu mund hve mikil valdabarátta hlýtur að eiga sér stað í slíku sambyli. Í upphafi sögu er að finna bindandi samkomulag kvennanna þar sem tekið er skýrt fram að sagan sé verk Dísu og hún fái einungis tvo mánuði til að skrifa bók sína en Gríms fái þó að skrifa fyrsta kaflann og sé „leyfilegt að grípa fram í þegar henni finn[ist] nauðsynlegt, s[jái] að í óefni er komið eða ef[ist] ákaflega um sannleiksgildi þess sem

²¹ Einum þræði segir sagan frá því hvernig Vigdís varð rithöfundur og í þeim þræði skiptir kisi miklu máli, rúmsins vegna verður hér lögð áhersla á persónurnar Dísu og Gríms en ekki kisa og áhrif hans á raddirnar tvær.

skrifað er“. (10) Framígripin verða æði mörg enda „konurnar“ ósammála um ansi margt. Til að útskýra þessar samræður og það sem gæti virst vera frekar óvenjulegt kompaní er gott að sækja til kenningarinnar um samræðusjálfi (e. *Dialogical Self Theory*).

Algeng skilgreining á sjálfinu felur í sér að það sé einhver ákveðinn kjarni innra með manneskjunni og/eða eitthvað sem gerist í huga hennar. Samræður eru aftur á móti iðulega tengdar við það sem gerist hið ytra eða ferli sem á sér stað á milli manna sem eiga í samskiptum. Kenningin um sjálfið sem samræðu eða samræðusjálfið sameinar þetta tvennt.²² Það var sálfræðingurinn Hubert Hermans sem fyrstur setti fram kenninguna um samræðusjálfið en hann byggði hana meðal annars á verkum Williams James, Jeromes Bruners og Mikhails Bakhtin.²³ Málið snýst í meginatriðum um tvenns konar hugsunarmáta; frásagnarhugsun og staðhæfingahugsun (þar sem staðhæfingin er annað hvort rétt eða röng), svo og hugmyndir Bakhtíns um fjölradda skáldskap. Síðasta aldarfjórðunginn eða svo hefur kenningin verið þróuð enn frekar meðal annars með hliðsjón af kenningum George Herberts Mead og Friedrichs Nietzsche.²⁴

Með samræðusjálfi er ekki átt við samræður einstaklings við annan einstakling heldur samræður innan sjálfins. Sjálfið er með öðrum orðum skilgreint sem margar virkar ég–stöður innan sama rýmis eða í ímynduðu landslagi. Ég–ið getur ferðast frá einni stöðu til annarrar í samræmi við breytingar á aðstæðum og tíma; en stöðurnar geta verið ólíkar og jafnvel myndað andstæður. Ég–ið hefur hæfnina til að gæða hverja stöðu rödd svo að grunnur myndast fyrir samræður á milli staðanna. Raddirnar sem verða til í sjálfinu og tengsl þeirra á milli minna á samskipti persóna í sögum. Eins og ólíkar

²² Hubert J. Hermans og Agnieszka Hermans–Konopka, *Dialogical self theory: Positioning and counter-positioning in a globalizing society*, Cambridge University Press, 2010, bls. 1.

²³ Sjá t.d. Hubert J. Hermans o.fl., „The Dialogical Self: Beyond Individualism and Rationalism“, *American Psychologist* 1/1992, bls. 23–33, Hubert J. Hermans, „The dialogical self: Toward a theory of personal and cultural positioning“, *Culture & Psychology* 7: 3/2001: bls. 243–281.

²⁴ Sjá t.d. Paul H. Lysaker og John T. Lysaker, „Psychosis and the disintegration of dialogical self-structure: Problems posed by schizophrenia for the maintenance of dialogue“, *British Journal of Medical Psychology* 1/2001, bls. 23–33. Í greininni „Ómstríður taktur kvikra strengja“: um *Hin hálu þrep* Bjarna Bernharðs og sitthvað sem þeim tengist“ fjallar Bergljót Soffía Kristjánsdóttir meðal annars um samræðusjálfið; Bergljót Soffía Kristjánsdóttir 2016:120–121.

persónur skiptast raddirnar í sjálfinu á upplýsingum um reynslu sína en fyrir vikið myndast flókið sjálf sem byggist upp á frásögnum.²⁵

Samræðusjálfið er líkamsmótað en kjarni kenningarinnar um það felst í því að það sé útvíkkað í tíma og rúmi og mótist af menningarlegum og félagslegum áhrifum. Það myndi því vera misskilningur að hugsa sér sjálfið sem kjarna og útvíkkun þess sem viðbót; þvert á móti er samræðusjálfið mótað og myndað af útvíkkuninni.²⁶ Samræðusjálfið er ólíkt einstaklingssjálfinu vegna þess að það spannar margar ég–stöður sem er stjórnað af sömu manneskjuni. Ég–ið í einni stöðu getur verið sammála, ósammála, skilið, misskilið, andmælt, verið í mótsögn við, dregið í efa og jafnvel gert ég–ið í annarri stöðu að athlægi. Samræðusjálfið er þar með talið vera félagslegt, ekki í þeirri merkingu að einstaklingar eigi í félagslegum samskiptum við annað fólk heldur í þeirri merkingu að aðrir sinni stöðum í margradda sjálfinu. Sjálfið er ekki aðeins „hér“ heldur líka „þar“ og vegna ímyndunarafsisins geta manneskjur látið eins og þær séu aðrar. Þessu ber ekki að rugla saman við að taka yfir hlutverk einhvers annars utan manneskjunnar, eins og skýringin gæti gefið til kynna, heldur er átt við að ég–ið tekur að sér hlutverk annarrar persónu með því að taka sér aðra stöðu og getur fyrir vikið haft annað sjónarhorn og aðrar skoðanir en ég í enn annarri stöðu. Samræður á milli ólíkra staða innan sjálfins láta uppi hvort ég–in eru sammála eða ekki.²⁷

Í „samræðu–rými“ sjálfins gefst nýjum röddum tækifæri til að verða til og þróast meðal annars vegna breytinga á stöðu annarra radda.²⁸ Í *Dísusögu* má skilgreina persónurnar Dísu og Gríms sem tvær ólíkar raddir í sama sjálfinu, það er í sjálfi sviðsettrar Vigdísar Grímsdóttur. Raddirnar tvær voru ekki alltaf til heldur má rekja upphaf Gríms til þess þegar Dísu var nauðgað eins og fyrr var minnst á:

Það var þá, þegar sársaukinn og dauðinn læstu klónum í mig og Guð hvarf úr lífi mínu í eitt skipti fyrir öll, sem hún svarta, freka

²⁵ Hubert J. Hermans o.fl., „The Dialogical Self: Beyond Individualism and Rationalism“, bls. 29. Einhverjum kynni að detta í hug miklu eldra hugtak; dramatísk einræða (e. *dramatic monologue*). Slíkar einræður eru einkennandi fyrir verk á endurreisnartímanum en *Hamlet* Shakespeares er gott dæmi um það.

²⁶ Hubert J. Hermans og Agnieszka Hermans-Konopka, *Dialogical self theory*, bls. 2 og 6.

²⁷ Hubert J. Hermans o.fl., „The Dialogical Self: Beyond Individualism and Rationalism“, bls. 29.

²⁸ Hubert J. Hermans og Agnieszka Hermans-Konopka, *Dialogical self theory*, bls. 6.

og grimma Gríms varð til. Hún stóð þarna allt í einu fyrir framan mig í svörtum fötum, með glóandi augun og hörkulegu andlitsdrættina, og hún var með sverð í hendinni og klút um hárið einsog samúræi og hún sveiflaði sverðinu í kringum sig og sagðist skyldu bjarga mér úr helvítis andskotans málunum og hún skyldi sigra og ég skyldi halda kjafti og bíta á jaxlinn. (128)

Gríms verður ný rödd sem þróast og mótast vegna utanaðkomandi aðstæðna og vegna ímyndunarafls Dísu. Það sem er óvenjulegt við alla frásögnina í *Dísusögu*, með hliðsjón af kenningunni um samræðusjálfið, er að samræður raddanna eru opinberaðar.²⁹ Þó að þær tvær tilheyri sömu persónunni eru þær ekki einvörðungu ólíkar vegna mismunandi skoðana heldur gegna þær hvor sínu nafni, eru misgamlar og hegða sér á ólíkan hátt. Dísu er að nálgast sextugt, klæðist helst gulum fötum, reykir hvorki né drekkur, vill dansa og vera glöð. Gríms er tíu árum yngri, fremur drungaleg, reykir, er stundum drykkfelld og alltaf í svörtu. Saman minna þær á býflugunni sem sveimar um í búinu; hausnum. Býflugunni fylgir suð en það hlýtur að suða í kalli þar sem tvær raddir eru saman komnar og eru sífellt að rífast. Frá því að Dísu varð fyrir ofbeldinu hefur Gríms farið með yfirhöndina í sambandi þeirra svo hennar rödd hefur haft lokaorðið í flestöllum ákvörðunum og gjörðum. Það er einnig hún sem er höfundur bóka Vigdísar Grímsdóttur, hefur eignast vini og fjölskyldu, unnið og haft sig í frammi á mannamótum. Og það er hún sem hefur haft vald og ráð um hvort og hvenær Dísu megi koma upp á yfirborðið og taka þátt í lífinu; Dísu til mikils ama. En í *Dísusögu* losnar um valdbeitinguna og Gríms leyfir Dísu að tjá sig. Loksins er komið að því að varpa hulunni af leyndarmálinu og upplýsa glæpin sem Dísu varð fyrir. Raunar er lýsingin á glæpinum stutt en frásögnin öll ber ótvírætt vitni um áhrif hans og afleiðingar.

²⁹ Kenningin um samræðusjálfið hefur verið nýtt í sálfræðimeðferðum sbr. greinasafnið *The Dialogical Self in Psychotherapy: An Introduction*, ritstj. Hubert J. M. Hermans og Giancarlo Dimaggio, London: Routledge, 2004 og Hubert J. M. Hermans og Els Hermans-Jansen, *Self-Narratives: The Construction of Meaning in Psychotherapy (The Practicing Professional)*, New York og London: The Guilford Press, 2001.

Tráma

Sársaukafull reynsla eins og nauðgunin sem lýst er í *Dísusögu* er meðal þess sem telst vera trámatískur atburður.³⁰ Tráma er sálrænt áfall en það hefur verið skilgreint sem svo að „reynsla verði áfall þegar menn ná ekki að skilja – þ.e. ná ekki að sundurgreina (e. *dissociate*) – alla þætti hennar“.³¹ Samkvæmt Bessel A. van der Kolk og Alexander C. McFarlane er það óhjákvæmilegt að menn upplifi tráma en engu að síður er afar misjafnt hvernig menn vinna úr þeirri reynslu. Á meðan sumum tekst í krafti sköpunarhæfni og sveigjanleika að laga sig að hræðilegum aðstæðum verða aðrir háðir trámanu og geta þróað með sér áfallastreituröskun (e. *post-traumatic stress disorder (PTSD)*);³² en hún hefur verið skilgreind á þá leið að persóna „reyndi, varð vitni að eða mætti atburði eða atburðum sem fólu í sér raunverulegan eða yfirvofandi dauða, alvarlegan skaða eða ógnun við heilsu persónunnar sjálfrar eða annarra“.³³ Þrátt fyrir hæfni mannsins til að lifa af og aðlagast getur trámatísk reynsla breytt sálfræðilegu, líffræðilegu og félagslegu jafnvægi hans afar mikið því minningin um einn ákveðinn atburð, trámað, verður allsráðandi og kemur í veg fyrir að hann geti notið líðandi stundar.³⁴

Það er afar misjafnt hvernig menn bregðast við tráma og túlka það en það fer meðal annars eftir aldri og fyrri reynslu. Þó er ljóst að trámatísk reynsla

³⁰ Sem dæmi um trámatíska atburði eru líkamsárásir, kynferðislegt ofbeldi, stríð, slys, alvarleg veikindi, náttúruhamfarir og að sjá einhvern nákominn sér láta lífið. Sbr. t.d. Bessel A. van der Kolk, „Posttraumatic stress disorder and the nature of trauma“, *Dialogues in clinical neuroscience* 2: 1/2000, bls. 7–22, hér bls. 7.

³¹ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur“, *Hug/raum*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015, bls. 111–132, hér bls. 129.

³² Bessel A. van der Kolk og Alexander C. McFarlane, „The Black Hole of Trauma“, *Traumatic Stress: The Effects of Overwhelming Experience on Mind, Body, and Society*, ritstj. Bessel A. van der Kolk, Alexander C. McFarlane og Lars Weisaeth, 1996, bls. 3–23, hér bls. 3.

³³ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, „Óvistlegar herbergiskytrur“, bls. 129. Lýsingin er bein þýðing Bergljótar Soffíu úr grein eftir Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman en á ensku hljómar hún svona: „the person experienced, witnessed or was confronted with an event or events that involved actual or threatened death or serious injury, or a threat to the physical integrity of self or others“. Bessel A. van der Kolk, James W. Hopper og Janet E. Osterman, „Exploring the Nature of Traumatic Memory: Combining Clinical Knowledge with Laboratory Methods“, *Trauma and Cognitive Science: A Meeting of Minds, Science and Human Experience*, ritstj. Jennifer J. Freyd og Anne P. DePrince, New York: The Haworth Maltreatment and Trauma Press 2001, bls. 9–32, hér bls. 11.

³⁴ Bessel A. van der Kolk og Alexander C. McFarlane, „The Black Hole of Trauma“, bls. 3–4.

hefur þau áhrif að þolandinn sér bæði sjálfan sig og heiminn í nýju ljósi og þarf að endurbyggja heiminn að nýju til að geta felld hann að reynslu sinni. Tíminn leiðir í ljós hvernig heilinn vinnur úr trámatengdum upplýsingum en í grófum dráttum er reynslan annað hvort geymd í minninu sem óheppilegur atburður úr fortíðinni eða skynjunin og tilfinningarnar sem tilheyra atburðinum fara að lifa sjálfstæðu lífi. Flestir sem hafa upplifað tráma eru á einn eða annan hátt hæfir til að halda lífinu áfram án þess að láta minningarnar af trámanu ná tökum á sér. Það merkir þó ekki að trámatísku atburðirnir hafi engin áhrif á þá því eftir að hafa upplifað tráma verða allflestir uppteknir af atburðinum og algengt er að þeir finni hvað eftir annað fyrir ágengum minningum um hann. Þessi endurteking á ósjálfráðum minningum er eðlileg aðferð til að bregðast við skelfilegri reynslu og í sömu mund leið til að umbreyta tilfinningum tengdum trámanu og umbera minningar um það. Ágengni minninganna getur tekið á sig mörg ólík form, þær geta til dæmis falið í sér tíð endurlit, sterkar tilfinningar eins og kvíða og reiði, ýmis líkamleg einkenni, martraðir og svefnleysi. Þeir sem tekst ekki að leggja skilning í trámað þróa með sér áfallastreituröskun en munurinn á þeim og öðrum er sá að þeir byrja að skipuleggja líf sitt í kringum trámað auk þess sem þeir upplifa ýmis einkenni röskunarinnar.³⁵

Í viðtölum sálfræðinga við sjúklinga hefur komið í ljós að þó að menn leiti sér gjarnan hjálpar vegna ákveðins trámatísku atburðar hafa þeir upplifað ýmiss konar tráma í gegnum ævina og þjáðst af ýmsum sálfræðilegum vandamálum þeim tengdum en aðeins sum þeirra eru talin vera einkenni áfallastreituröskunar. Meðal þessara annarra einkenna eru árásarhneigð gagnvart sjálfum sér og öðrum, minnistap, þunglyndi, skömm, sjálfshatur, tortryggni og ýmsir líkamlegir kvillar. Bessel A. van der Kolk hefur bent á að annað hvort sé hægt að flokka þessi einkenni sem hliðarverkun áfallastreituröskunar eða að þau séu hluti af vandamálum tengdum trámanu.³⁶

Í *Dísusögu* má ekki sjá megineinkenni áfallastreituröskunar en engu að síður er ljóst að nauðgunin sem Dísu verður fyrir er trámatískur atburður í

³⁵ Sama heimild bls. 5–15.

³⁶ Bessel A. van der Kolk, „Posttraumatic stress disorder and the nature of trauma“, bls. 9. Mikið hefur verið skrifað um tráma og bókmenntir en sem dæmi um frumkvöðul á því sviði má nefna Cathy Caruth. Hún hefur til dæmis skrifað bækurnar *Unclaimed Experience: Trauma, Narrative and History* (1996) og *Listening to Trauma: Conversations with Leaders in the Theory and Treatment of Catastrophic Experience* (2014) auk þess sem hún ritstýrði greinasafninu *Trauma: Explorations in Memory* (1995).

lífi hennar.³⁷ Árásin hefur þau áhrif að Dísu þarf að endurbyggja sýn sína á heiminn til að geta fellt hann að reynslu sinni en liður í því er að rödd Gríms verður til, þróast og tekur stjórnina í lífi þeirra stallna. Í sögunni má greina, í fari Dísu og Gríms, sum af þeim einkennum sem van der Kolk tiltekur að geti einnig einkennt trámatíska reynslu en ekki endilega áfallastreituröskun. Ber þar helst að nefna árásarhneigð einstaklings gagnvart sjálfum sér en hún kemur glögglega í ljós í samskiptum Dísu og Gríms eins og gerð verður grein fyrir í næsta kafla.³⁸ Tekið skal fram að þrátt fyrir að umfjöllunarefni *Dísusögu* sé alvarlegt þá tekst Dísu með húmornum að vinna gegn því að frá-sögnin verði bara sorgarsaga; gáskinn og írófían skína einatt af textanum.

Líkami Gríms og Dísu

Vegna þess að raddirnar tvær, Dísu og Gríms, eru persónugerðar orka þær eins og tvær ólíkar persónur sem hafa ekki aðeins mismunandi skoðanir og sjónarhorn heldur geta einnig hegðað sér á ólíkan hátt. Fyrir vikið geta gjörðir þeirra ýmist komið sér vel fyrir þær báðar eða illa. Þegar Dísu fær loksins tækifæri til að halda um pennann – en það hefur hún þráð í hartnær þrjátíu ár³⁹ – er ljóst að henni liggur margt á hjarta en einkum er henni í mun að lýsa samlífinu með Gríms og hvernig það er að þurfa sífellt að berjast fyrir tilveru sinni. Hún leggur ríka áherslu á að lýsa sér og Gríms sem andstæðum og draga upp myndir þar sem Gríms drottinnar yfir henni og kúgar með því að meina henni að vera „uppi á yfirborðinu“ og taka þátt í lífinu. Aðferðirnar sem Dísu beitir til að greina frá valdinu og valdaleysinu í sambandinu eru

³⁷ Anne Whitehead, höfundur bókarinnar *Trauma Fiction*, segir að skrif um tráma líkist gjarnan einkennum tráma sem geri það að verkum að skipun atburða sé oft ekki í tímaröð og endurtekingar og stefnuleysi sé einkennandi. Hún segir einnig að í umfjöllun um trámatíska reynslu leggi höfundar einatt meiri áherslu á hvers vegna og hvernig munað er eftir atburðinum en að setja í brennidepil það sem er minnst. Anne Whitehead, *Trauma Fiction*, Edinburgh: Edinburgh University Press, 2004, bls. 3. Skrif Whitehead ríma sumpart við *Dísusögu* en þar er skipun atburða ekki í tímaröð. Í sögunni er lögð mun meiri áhersla á áhrif trámans en trámað sjálf, ástæðu þess og hvernig þess er minnst.

³⁸ Önnur einkenni sem greina má eru þunglyndi og skömm. Skömm og eftirsjá koma sterkt fram í þessum orðum Dísu: „Þegar ég hugsa til baka hefði ég átt að bíta. Þegar ég hugsa til baka hefði ég átt að slá. Ég hefði átt að verja mig. Ég hefði ekki átt að vera svona hrædd. Ég hefði átt að berjast. Ég hefði átt að blóðga. Ég hefði átt að mergsjúga. Ég hefði átt að drepa. Þegar ég hugsa til baka hefði ég átt að rífa á hol, núna djöfulsins drullunni upp úr blóðinu. Ég hefði átt að drepa.“ (102–103) Um þunglyndið verður sérstaklega fjallað hér á eftir.

³⁹ Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 317.

ýmsar og dæmin sem hún tekur máli sínu til stuðnings mörg og mismunandi en það sem þau eiga sammerkt er að bera vitni um árásarhneigðina sem einstaklingur beinir að sjálfum sér í kjölfar tráma.

Fyrst má nefna líkamann sem Dísu og Gríms deila. Vegna ójafnræðis upplifir Dísu sig sem hluta af líkama Gríms:

Veistu, kisi, að það er ég sem sit uppi með líkama Gríms, en ólíkt henni finnst mér það alls ekki erfitt. Hvers vegna? Vegna þess að ég er fjöður í líkama hennar, ég sit uppi í honum, rekest um í honum, finn til í honum, strýk hann. Ég skil kröfur hans, tilfinningar hans, þrár hans. Ég sé fegurð hans, ég finn nautn hans, ég finn sköpunarkraft hans, ég finn ólgu hans og ég elska hann. (42)

Lýsingin vitnar um að Gríms þolir ekki líkama sinn og Dísu eftir nauðgunina. Slíkt er reyndar algengt meðal þolenda kynferðisofbeldis því við nauðgun er einstaklingur slitinn úr tengslum við eina yfirráðasvæðið sem er raunverulega hans, líkamann.⁴⁰ Reyndar skal nefnt að lýsing Dísu er tvíþent; þó að hún lýsi jákvæðri afstöðu sinni til líkamans hér að ofan er einnig ljóst að hún er ekki sérlega tengd honum, samanber að hún segist sitja „uppi með *líkama Gríms*“ (leturbr. mín). Hún greinir enda frá því á öðrum stað í sögunni að sem unglingur hafi hún átt erfitt með að sýna líkamann eftir nauðgunina:

- Mér var nauðgað þegar ég var stelpa.
- Það voru tveir ógeðslegir kallar sem gerðu það.
- Þess vegna get ég ekki verið í leikfimi.
- Þess vegna get ég ekki farið í sund.
- Þess vegna get ég ekki verið í stuttbuxum.
- Þess vegna má éginn sjá mig bera. (181)

Með forklifun leggur Dísu áherslu á hvernig reynslan hefur breytt sýn hennar á heiminn og stöðu hennar í honum. Hún sker sig úr hópnum vegna þess að líkaminn er orðinn henni framandi og tengslin við hann rofin.

Dísu er tíðrætt um líkamann en skrifin bera þess merki að hún vilji tengjast honum á ný og ná stjórn á honum. Fleiri lýsingar en hér hafa verið tilgreindar sýna að hún er ósátt við stöðu sína í tilverunni og að Gríms skuli vera sterkari röddin og þar með ráðameiri. Af lýsingum Dísu að dæma er alltaf aðeins önnur þeirra við stjórnvölinn í „líkamsplassinu“ þegar þær eru meðal annarra; en Gríms hefur komið því þannig fyrir að Dísu færi nær ein-

⁴⁰ Kathleen L. Ratican, „Sexual abuse survivors: Identifying symptoms and special treatment considerations“, *Journal of Counseling & Development* 71: 1/1992, bls. 33–38, hér bls. 34.

vörðungu að komast að þegar hún stelst til þess á meðan „Gríms sefur eða er ekki með réttu ráði“ (54).⁴¹ Fyrir vikið ræðir hún gjarnan um hvernig Gríms, allt frá því hún varð til, hefur talið sig sterkari aðilann í sambandinu og því meinað Dísu að hafa sig frammi samanber þessa lýsingu:

Jú, ég hef hingað til verið að mestu baksviðs í *persónuleikadjúpinu* þar sem Gríms hefur vægðarlaust haldið mér niðri með harðri hendi og til þess notað öll heimsins kvalráð, einsog til dæmis að hengja mig upp á hælunum í *holunni* svo eitthvað sé nefnt. Það mætti búa til heilt hryllingssafn í kringum aðferðirnar sem hún hefur notað til að níðast á mér, en ég ætla ekki að velta mér upp úr því. (57, leturbr. mín)

Eins og sést notar Dísu óspart líkingamál til að útskýra valdbeitingu Gríms og sýna hvernig níðst hefur verið á henni og rödd hennar markvisst verið þögguguð niður. Ein líking er henni sérlega töm en sú felst í því að hún kallar íverustað sinn einatt holuna en myndin sem hún dregur upp af þeim stað er síður en svo aðlaðandi:

Holan mín, holan mín.

Ég verð bara að hafa fáein orð um hvað Gríms finnst fallett að kalla *svörtu holuna* mína *Pagnarlandið* einsog þú tókst kannski eftir að hún nefndi hana svo hátíðlega í kaflanum sínum. Ég vona að minnsta kosti að þú hafir tekið eftir því vegna þess að það lýsir þessari fyrrverandi ástkonu þinni svo einstaklega vel. Það er henni sem sé svo eðlilegt að kalla *holuna* mína *Pagnarlandið* af því að henni hefur alltaf verið svo lagið að breyta ásýnd hlutanna og dubba þá upp í alls konar millibleikan skrautvefnað; crème de la crème.

Pagnarlandið!

Hvílíkt rangefni á *dimmu*, djöfulsins *holunni* minni. (81, leturbr. mín)

⁴¹ Lýsingar á Dísu og Gríms kallast sumpart á við lýsingar á Mörtu og Maríu, persónum Svövu Jakobsdóttur í smásögunni „Gefið hvort öðru...“ í samnefndu smásagnasafni. Marta og María eru tveir hausar sem deila hálsi og þar með líkama. Í sögunni segir m.a.: Móðir hennar [María] hafði einu sinni trúað henni fyrir því að nokkuð hefði sér fundist erfitt í fyrstu að hafa tvö höfuð. Þau höfðu þvælst hvort fyrir öðru, jafnvel deilt harkalega stundum því að bæði vildu snúa fram en það var náttúrlega ekki hægt, enda óþarfi þar sem þau væru sjaldnast ávörpuð í einu. Nema þá á opinberum skrifstofum. En með tímanum hefði sér tekist að ná stjórni á þeim; það var komin á þau regla, höfuðin tvö, og þau gerðu sig nú ánægð með einn og sama hálsinn. Svava Jakobsdóttir, „Gefið hvort öðru...“, *Gefið hvort öðru...*, Reykjavík: Íðunn, bls. 7–18, hér bls. 11–12.

Líkingin sem hér er í brennidepli er afstöðulíkingin⁴² ‚upp og niður‘ en hún er algeng þegar rætt er um heilsufar manna sem er iðulega túlkað sem upp eða niður; jákvætt eða neikvætt. Eða eins og málfræðingurinn George Lakoff og heimspækingurinn Mark Johnson hafa bent á eru heilsa og líf upp en veikindi og dauði niður.⁴³ Þó Dísá sé ekki að ræða um heilsufar sitt má vel yfirfæra þessa líkingu á stöðu hennar í lífinu. Hún þarf að dvelja *niðri* í holu á meðan Gríms fær að vera *uppi* á *yfir*borðinu. Með afstöðulíkingunni leikur líka hugtakslíkingin jákvætt er birta; neikvætt er myrkur; sbr. að holan er svört og dimm. Líkingin undirstrikar því neikvæða stöðu Dísu og einangrun hennar. Henni er ekki einvörðungu haldið niðri heldur er hún einnig í myrkri og því enn ósýnilegri.

Eins og sést tiltekur Dísá sérstaklega að Gríms noti sérnafnið Þagnarlandið yfir holuna hennar. Það nafn hefur á sér allt annan blæ, og mun fegurri, en nafnið holan eins og Dísá bendir réttilega á. Nafngiftin er ein af mörgum aðferðum sem Gríms notar til að réttlæta ofbeldið sem hún beitir Dísu. Síðar í sögunni gerir Dísá enn betur grein fyrir afstöðu sinni til nafnsins Þagnarlandið og fyrir lífinu þar:

Annars langar mig til að segja þér aðeins frá hinu rómaða Þagnarlandi, þar sem blómin fljóta á vötnunum og fegurðin ríkir ein, eins og Gríms segir. Landið það er sem sé hvergi til, það er hreinræktuð sögufólsun og hræðilegur uppspuni frá rótum; Gríms hefur eingöngu sett tilvist þessa ímyndaða lands á svið til að næra sinn eigin blekta huga af sömu áfergju og hún hefur afneitað mér. Þetta svokallaða Þagnarland hennar er nefnilega ekkert nema ógnarland, eitt andskotans dimmu- og kúgunarland þar sem varla er hægt að fóta sig fyrir kvikindum og drullu.

Þar liggja sko engir gljáandi fiskar undir steini, og þar skín sólin ekki í heiði og þar heyrir ekkert dírrindí og vængjablak í himninum. Þar úir allt og grúir af alls konar kjaftbleikum kvikindum sem naga sig inn í holdið og beinin – og þessi kjaftbleiku kvikindi hefur Gríms kosið að kalla blá blóm og segir þau umvefja mig, hana Dísu Gríms, sem ekkert, já, ég segi ekkert, hefur til saka unnið. (83)

⁴² Georg Lakoff og Mark Johnson 2003[1987], *Metaphors We Live By*, Chicago: University of Chicago, bls. 14–21.

⁴³ Sama heimild, bls. 15.

Nöfnin tvö draga fram einstaklingsbyrðina sem ræðst af ólíkri stöðu Dísu og Gríms því að líkingarnar sem þær nota eru samfélagslega markaðar.⁴⁴ Í sömu mund sýna þær þversögnina innra með persónunni sem þær eru hluti af. Líkingin Þagnarlandið er írónísk en hún vísar ekki aðeins í holuna sem Dísu býr í heldur má einnig hafa hana um Ísland á tímum þar sem nauðgun er tabú. Vinnan með nafnið í bókinni sýnir að þögnin heldur ekki bara verndarhendi yfir þeim sem beita ofbeldi heldur hindrar að þeir sem fyrir því verða geti náð sér eftir það.⁴⁵ Samfélagið bregst Dísu svo hún þegir um nauðgunina sem verður eins og neikvætt afl innra með henni. Staðreyndin er þó sú að hún vildi á sínum tíma upplýsa vinkonur sínar um glæpin en Gríms kom í veg fyrir það:

Mig langaði að segja þeim þetta allt saman en Gríms kom í veg fyrir það með því að sauma fyrir munninn á mér með svörtum, grönnum vír. Þess vegna talaði ég aldrei við yndislegu vinkonur mínar vegna þess að kæmist ég til þeirra var það í þeirri þögn sem Gríms kallaði jafnvægi.

– Nú ertu að fiska eftir samúð, gerirðu þér enga grein fyrir hvað þú ert asnaleg, Dísu?

– Þegiðu bara, ég er bara ég sjálf, Gríms, þér hefur ekki tekist að sauma fyrir kjaftinn á mér aftur, það tók mig tvö ár að plokka burt saumana þegar ég var unglingur, í tvö ár grét ég mig í svefn hverja einustu helvítis nótt af því að þú leyfðir mér ekki að gera það sem var rétt. (bls. 181–182)

Ástæðu þess að Gríms vill þegja og halda Dísu niðri í holunni eða Þagnarlandinu má auðvitað rekja til þess að samfélagsviðmiðin hafa haft sín áhrif. Samkvæmt McFarlane og van der Kolk fær einstaklingur hvorki utanað-

⁴⁴ Sjá umfjöllun George Lakoff og Mark Johnson um samfélagslega markaðar líkingar; t.d. sama heimild, bls. 4–5.

⁴⁵ Í sögunni kemur fram að Dísu hafi verið nauðgað þegar hún var tæplega ellefu ára eða árið 1964. Í kaflanum sem Dísu greinir frá ofbeldinu ræðir hún um þöggun og segir meðal annars: „Flóttinn frá staðreyndum liggur einfaldlega í orðræðu og menningu fortíðarinnar. Þú kannast við þessar ráðleggingar, er það ekki? Ekki segja frá þessu, ekki tala um þetta, ekki fara lengra með þetta, ekki vera svona, ekki hugsa svona, ekki gapa um það sem þér finnst, berðu sorg þína í hljóði, ekki láta neinn vita af þessu, haltu þessu fyrir þig, geymdu þetta með sjálfum þér, þögnin er gulls ígildi og bla bla bla. Og orðræðan var viðurkennd, og vegsömuð, og menningin þótti gild einsog hún var og engin ástæða til að amast við því sem alltaf hafði verið, enda þótt vaninn væri hvorki hreinn né beinn né sannleikanum samkvæmur og stundum hreinlega stórhættulegur heilu fjölskyldunum.“ (112)

komandi hjálp né nær fram réttlæti þegar trámatískum atburði er haldið leyndum. Vegna skorts á stuðningi og réttlæti er líklegra en ella að trámatísku minningarnar haldi áfram að brjótast um óheftar í kolli persónunnar, fái útrás í reiði, því að hún dregur sig til baka og/eða sýnir óviðeigandi hegðun.⁴⁶ Innra með hinni sviðsettu Vigdís Grímsdóttur takast í sem stystu máli á tvö öfl en í átökum þeirra má greina öll einkennin sem McFarlane og van der Kolk nefna, einkum reiðina. Samfélagsafstaðan er ástæðan fyrir því að Gríms kallar íverustað Dísu Þagnarlandið en reiðin að hún „saumar fyrir munninn“ á henni „með svörtum, grönnum vír“; allt til þess að skera sig ekki úr og vera öðruvísi en samfélagið ætlar einstaklingnum. Og þess vegna hefur hún aldrei upplýst glæpinn.

Gríms beitir Dísu sumsé ofbeldi og heldur henni niðri í holunni fyrst og fremst vegna þess að hún vill hegða sér eftir ákveðnum samfélagslegum viðmiðum, reglum sem hún er hrædd um að Dísu brjóti leyfi hún henni að komast að. Áhyggjur Gríms eru ekki úr lausu lofti gripnar því Dísu er óheflaðri en Gríms, hún slettir, er stundum „hryllilega orðljót“ (15) og er óhrædd við að sleppa fram af sér beislinu fái hún tækifæri til þess.⁴⁷ Dísu veigrar sér sem sagt ekki við því að hegða sér á „óviðeigandi hátt“ miðað við ríkjandi hefðir og venjur samfélagsins. En það sem Gríms hræðist líklega einna helst er að Dísu greini frá ofbeldinu eða eins og Dísu sjálf kemst að orði um Gríms:

[...] hún [var] ekki ósjálfstæð og hrædd við eitt né neitt nema auðvitað að missa tökin á mér, hrædd um að týna sér, hrædd um;
 að ég kæmist að miklu oftari en hún gat ráðið við,
 að ég læddist út að næturþeli og gerði einhvern óskunda,
 að ég brunaði af stað með allt hennar hafurtask,
 að ég kæmi allt í einu fram þegar hún væri eitthvað miður sín og læsi til dæmis upp ritgerðarverkefni í Háskólanum í hennar nafni og gerði hana að því aðhláturselfni sem hún óttaðist stöðugt að verða,
 að ég hvíslaði leyndarmálinu í eyrun á börnunum,

⁴⁶ Alexander C. McFarlane og Bessel A. van der Kolk, „Trauma and Its Challenge to Society“, *Traumatic Stress: The Effects of Overwhelming Experience on Mind, Body, and Society*, ritstj. Bessel A. van der Kolk, Alexander C. McFarlane og Lars Weisaeth, New York: Guilford Press, 1996, bls. 24–46, hér bls. 25.

⁴⁷ Í sögunni nefnir Dísu ýmis dæmi um hegðun sína sem Gríms hefur skammast sín fyrir t.d. þegar Dísu hefur sungið í marglituðum kjólum fyrir framan fjölda manns í karóki.

að ég segði þabba og mömmu frá því hverjar við værum,
að ég brytist út í rúminu með manningnum hennar,
að ég eignaðist trúnað vinkvenna hennar,
að ég kæmist í hugmyndirnar hennar og eyðilegði þær,
að ég stæli senunni í fjölskylduboðum,
að ég ryki upp á þak og tæki aríu fyrir hverfið,
að ég þetta og að ég hitt og þetta,
að ég hreinlega stæli hennar þjófstoðna plássi í heiminum (286–
287).

Dísa greinir líka frá því að eftir að Gríms gefur út fyrstu bókina sína hafi óttatilfinning hennar magnast til muna og óöryggið sömuleiðis.⁴⁸ Óöryggi og ótti eru meðal þeirra einkenna sem konur finna gjarnan fyrir eftir að þeim hefur verið nauðgað. Þegar einstaklingur getur ekki stjórnað umhverfinu er algengt að hann reyni að ná tökum á óöryggi sínu og ótta með því að ná stjórn á líkamanum. Slíkt á vel við í tilviki Gríms og Dísu. Vegna óöryggis og ótta, svo ekki sé talað um þrá eftir að fylgja viðmiðum samfélagsins, reynir Gríms að ná tökum á kenndunum sem hún finnur fyrir með því að taka stjórn á líkamanum. Liður í því er að hemja Dísu með öllum tiltækum ráðum jafnvel ofbeldi en í fyrsta kafla bókarinnar jatar Gríms að hafa lokað Dísu inni,

„slegið hana,
meitt hana

og brotið á henni á ómerkilegan og jafnvel skelfilegan hátt.“ (17) Til dæmis með því að reyna „að kæfa hana nokkrum sinnum“ (17) þegar hún var að gera hana „vitlausa með kröfum, frekju og tillitsleysi“ (17). Í augum Gríms er Dísa ógn vegna þess að hún orkar eins og ólgandi kvika sem getur brotist út hvenær sem er og hvar sem er. En kjarni málsins er að Dísu var nauðgað en ekki Gríms, sú síðari varð ekki til fyrr en eftir nauðgunina. Með því að reyna að losa sig við Dísu er Gríms ekki aðeins að gera tilraun til að þagga niður glæpin heldur bókstaflega að reyna að breyta fortíðinni og stroka út nauðgunina.

Dísa notar óspart nöfnin á sér og Gríms til að sýna betur aðgreininguna á milli þeirra. Hún kallar sambýliskonu sína alltaf Gríms því hún á erfitt með að nefna hana nafni þeirra, Vigdís, raunar svo mjög að hún vill ekki skrifa

⁴⁸ Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 287.

Það inn í textann sinn – ef marka má orð Gríms í upphafskafli bókarinnar.⁴⁹ Það er rökrétt að Dísu vilji ekki segja og skrifa nafnið Vigdís vegna þess að í fimmtíu ár hefur hún ekki fengið að vera hluti af því nafni.

Ólíkindaeinkenni

Ofbeldið sem Gríms beitir Dísu hefur m.a. þau áhrif að Dísu grípur hvað eftir annað til gagnárása í skrifum sínum. Hún gagnrýnir Gríms ekki bara fyrir framkomu í sinn garð heldur gengur hún einnig lengra og finnur að ýmsu í fari hennar. Þannig dregur hún fram í dagsljósið ákveðin atriði sem flest eru einkennandi fyrir ööryggi Gríms. Aðfinnslurnar sýna muninn á röddunum tveimur, skoðunum þeirra og löngunum en í sömu mund og þær afhjúpa þversagnir persónunnar, líðan hennar og stöðu í samfélagi sögunnar.

Dísu nefnir sérstaklega þrjú „olíkindaeinkenni“ – einkenni sem greina þær stöllur að – sem hún á erfitt með að þola í fari Gríms. Það fyrsta sem hún tiltekur er þolinmæði hennar, eða það sem henni „finnst [...] miklu frekar flokkast undir undirlægjuhátt“ (140) og hvaða ráð hún hefur gefið líkamssystur sinni til að „lifa af þegar hin svokallaða þolinmæði ætlar beinlínis að hrifsa af henni lífslöngunina“ (140). Dísu leggur áherslu á að þolinmæðin hafi ekki beinst að henni sjálfri heldur öðrum konum sem sótt hafa í nærveru Gríms:

Hún Gríms hefur sem sé ræktað óttadrifna þolinmæði sína svo stappar nær geggjun. Hún hefur varið óhemju tíma í að hlusta á óhamingjusamar konur sem streyma til hennar í tíma og ótíma, gera hana að trúnaðarvini og sorgarpoka og hella rólega úr skálum vandræða sinna yfir hana þangað til að varla leynist þurr þráður á minni. (141)

Dísu segir einnig að þolinmæði Gríms hafi verið lituð ótta því hún hafi hræðst að einhver sæi í gegnum hana en því hafi hún ekki þorað að neita konunum um áheyrn og fyrir vikið verið „óttalega ósjálfstæður og þrautpíndur viðtakandi“ (142). Ráðið sem Dísu hefur gefið Gríms í þessum aðstæðum er að „nota hugmyndaflogið sjálfri sér til framdráttar“ (142):

– Brýndu hugarhnífinn, Gríms, og skerðu helvítis blöðruna á háls á meðan hún bunar út úr sér gallinu. Andaðu síðan djúpt, finndu

⁴⁹ Sama heimild, bls. 10. Í upphafi bókar skrifa þær stöllur undir samning um samstarf sitt en þar er undirskrift Gríms: Vigdís Gríms. Sama heimild bls. 11.

loftið streyma um brjósthólið og lykjast verndandi um lungun. Dragðu svo hugarnálina þína upp úr hausnum á þér og saumaðu fínlegan kontorsting fyrir gapandi hálsárið á henni. Ertu ekki rit-höfundur, manneskja, geturðu ekki notað ímyndunaraflíð til að bjarga sjálfri þér? (142)

Ráðleggingin er írónísk ekki síst vegna andstæðnanna sem dregnar eru upp. Í fyrsta lagi hljómar ráðið eins og leiðbeiningar fyrir hugleiðslu þar sem einstaklingurinn reynir að kyrra hugann og leiða hjá sér hugsanir eða orð einhvers annars. En ímyndirnar sem Dísu stingur upp á að Gríms hugsar sér eru allt annað en róandi, þær minna frekar á atriði úr hryllingsmynd sem æsir hugann í stað þess að sefa. Þá birtist írónían einnig í því að lýst er kvenlegri iðju, saumaskap, á gróteskan hátt sem stangast á við ríkjandi hugmyndir um hvað og hvernig konur sauma út og hvernig þeim ber að haga sér. Lýsingin er því einnig ádeila á samfélagið og ríkjandi hugmyndir um að konan eigi að vera þrúð og þen, umhyggjusöm og iðin. Af því að Gríms vill sífellt fylgja viðmiðum samfélagsins, er hún í fyrstu rög við að fylgja hugmyndum Dísu enda konan sem um ræðir „góð vinkona [...] [hennar] og [...] í vanda stödd“ (143). Þegar hún leyfir sér að nota aðferð Dísu „sk[e]r á háls og bródera[r] [...]“ (144) líður „tíminn miklu hraðar“ (144) og sagan sem hún neyðist til að hlusta á verður bærillegri.⁵⁰ Ímyndunaraflíð og sköpunin verða því að sínu leyti bjargræði sem gagnast Gríms í erfiðum aðstæðum rétt eins og þau gerðu þegar Dísu var nauðgað og Gríms varð til.

Dísu segir að ólíkt Gríms myndi hún ekki hafa umburðarlyndi til að eyða tíma sínum í að hlusta á kellingarvæl og ekki eiga í vandræðum með að neita konum um áheyrn væri hún spurð.⁵¹ Ástæða þess að Dísu nefnir þolinmæðina sem ólíkindaeinkenni er ekki einvörðungu til að sýna muninn á henni og Gríms heldur einnig til að draga fram eigin styrkleika um leið og hún afhjúpar veikleika stöllu sinnar og hversu þverstæðukennd hún er: Gríms er þolinmóð við alla aðra en röddina sem deilir með henni líkama og þótt hún sé sterkari röddin skortir hana uppreisnargirninna sem Dísu býr yfir.

Annað ólíkindaeinkennið sem Dísu segir frá „fjallar um hinn samkvenlega hnút nútímakonunnar, hið eilífa samviskubit og hjárænulega úrvinnslu þess“ (145). Samkvæmt Dísu nærði Gríms lengi vel „samviskubitið á tilveru barna sinna sem henni fannst hún stöðugt vanrækja, ekki síst þegar hún var að skrifa. Henni leið illa að geta ekki verið eins mikið með þeim og giftu vin-

⁵⁰ Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 144.

⁵¹ Sama heimild, bls. 144–145.

konur hennar gátu verið með sínum börnum. [...] Tveir gátu meira saman en einn.“ (145) Enn og aftur má sjá hvernig samfélagsgerðin hefur haft áhrif á Gríms. Samfélagsbreytingar á Íslandi voru afar örvar á seinni hluta síðustu aldar, ekki síst á stöðu konunnar og hlutverki hennar. Áður höfðu konur verið heimavinnandi og séð um börn og bú en þegar Gríms eignast sín börn og elur þau upp er stór hluti kvenna kominn út á vinnumarkaðinn. Þar með minnkuðu þó ekki kröfur samfélagsins til kvenna, þvert á móti jukust þær, þeim var ætlað að ná árangri í starfi, sinna uppeldi barna sinna vel og vandlega og hugsa um heimilið (gjarnan á sama hátt og heimavinnandi mæður þeirra og/eða ömmur), auk þess sem þær áttu að hlúa að hjónabandinu og sjálfri sér.⁵² Kröfurnar voru með öðrum orðum svo miklar að erfitt var að verða við þeim. Breytingarnar fólu einnig í sér að feður þurftu að taka ríkan þátt í uppeldi barna sinna og sinna heimilinu; en oft var það frekar í orði en á borði. Ljóst er að samviskubit Gríms er ekki aðeins tilkomið vegna þess að hún þarf að skipta tíma sínum á milli margvíslegra verka heldur einnig vegna þess að hún er einstæð, fráskilin móðir.

Dísa nefnir að samviskubit Gríms vegna barna sinna hafi síst minnkað eftir að vinkona Gríms hafi sagt við hana að hún „h[e]fði sjálf valið að vera einsömul móðir og g[æ]t[i] því sjálfri sér um kennt“ (145). Þrátt fyrir kvennabaráttu og samfélagsbreytingar sem stuðla að sjálfstæði konunnar og jafnrétti meðal kynjanna má greina í orðum vinkonunnar að enn eimi eftir af gömlum ríkjandi hugmyndum um stöðu konunnar: hún á að vera gift manni sínum og sjá um börn og bú. Orðin orka þar með eins og óþægileg staðfesting á því að Gríms er ekki eins og samfélagið krefst af henni. Þó vinkonan hefði síðar samband og afsakaði framkomu sína dugði það ekki til, athugasemdin gleymdist ekki heldur geymdist:

Gríms var þegar búin að skrifa athugasemd vinkonunnar góðu í *samviskubitsbók niðurriffsins*, *svellþykkan sjálfsvorkunnardoðrantur* sem hafði það einkenni að ekkert sem í hann var skrifað máðist út heldur öðlaðist endurnýjun lífdaga með stuttu en jöfnu millibili – og eðli málsins samkvæmt var þessi doðrantur ekki hótinu skemmtilegri aflestrar en framhjáaldssögur vinkvenna hennar. (145, leturbr. mín)

⁵² Sbr. „Það er alltaf konan sem lúffar“, viðtal við Kristínu Jónsdóttur, *Þjóðviljinn*, 19. júní 1980, bls. 8–9, 13, hér bls. 13. Niðurstöður rannsóknar sem gerð var hérlandis 2013 leiddu í ljós að á heimilum gagnkynhneigðra para/hjóna sjá konur að stórum hluta um heimilisstörf en karlar um viðhald. Þóra Kristín Þórsdóttir, Kolbeinn Stefánsson og Stefán Ólafsson, „Verkaskipting Íslendinga 2013“, 24. október 2014.

Áhrif þess að athugasemdirnar, sem skráðar eru í „samviskubitsbók niðurriffsins“, eru reglulega rifjaðar upp verða til þess að þeim svipar til ólíkra radda í samræðusjálfi. Athugasemdirnar enduróma m.ö.o. í kolli einstaklingsins og hafa neikvæð áhrif á líðan hans og sjálfsálit. Því geta þær, eins og í tilviki Gríms, nært samviskubitið. Með því að nefna sérstaklega samviskubit Gríms og rifja upp ákveðnar aðstæður og viss samskipti sem hafa eftt það og gert að kvöl, á Dísu sinn þátt í að halda lífi í vanlíðuninni sem fylgir þeim.

Dísu verður tíðrætt um sektarkenndina sem Gríms hefur vegna barna sinna.⁵³ Til dæmis dregur hún upp mynd af samræðum Gríms og dóttur hennar/þeirra þar sem hún bendir á að Gríms eigi þátt í að viðhalda samviskubitinu og rækta það með því að spyrja dóttur sína leiðandi neikvæðrar spurningar: „Var dagurinn erfiður hjá þér í dag, elskan“? (147) Sömu leiðis að Gríms hafi reynt „allt sem í hennar valdi stæði til að þvinga fáeinar erfiðleikans kvartanir upp úr elskulegri dótturinni“ (148), til að geta kennt sjálfri sér um, í stað þess að freista þess að fá jákvæðari svör með því að spyrja „Var ekki gaman hjá þér í dag, elskan“? (147) – eins og Dísu hefur lagt til.

Af skrifum Dísu er ljóst að samviskubit Gríms er nátengt þunglyndi sem hrjáir hana. Það má ekki aðeins ráða af því að Gríms sækist í að heyra neikvæð svör og kvartanir frá dóttur sinni heldur líka að hún kys að leggjast í rúmið þegar hún hugsar um heiminn og allt það slæma sem í honum finnst eins og misskiptingu valds og auðs, ofbeldi, hryðjuverk, mannréttindabrot og nauðganir.⁵⁴ Gagnvart vandamálum heimsins finnur hún fyrir vanmætti sínum, hún sjálf hefur það gott en getur lítið sem ekkert gert til að hjálpa öllum hinum sem brotið er á. Hún finnur með öðrum orðum til samlíðunarálags (e. *empathic distress*) en það er líðan sem getur verið afleiðing samlíðunar og valdið því að einstaklingur yfirtekur neikvæðar tilfinningar og gerir að sínum. Afleiðingarnar geta meðal annars falist í kvíða og álagi sem kunna að hafa þau áhrif að einstaklingur verður félagslega óvirkur og ófær um að hjálpa þeim sem þess þurfa.⁵⁵

Dísu greinir frá því að ólíkt Gríms hafi hún „aldrei séð ástæðu til að vera með samviskubit yfir einu né neinu“ (154) því hún hafi „svo sjaldan fengið tækifæri til að gera það sem [hana] [...] langar til að gera og standa fyrir

⁵³ Í lýsingu Dísu má meðal annars finna upptalningu á ýmsum atriðum sem Gríms hefur áhyggjur af varðandi líðan barna sinna. Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 146–147.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 151.

⁵⁵ Tania Singer og Olga M. Klimecki, „Empathy and compassion“, *Current Biology* 24: 18/2014, bls. R875–R878, hér bls. R875.

[s]ínu og fá til dæmis að blæða fyrir að hafa ekki tekið réttar ákvarðanir“ (154). Staða hennar, þ.e. að henni hefur verið haldið niðri, hefur með öðrum orðum haft áhrif á að hún hefur ekki fengið tækifæri til að finna til samviskubits. Dís segir einnig frá því að finni hún til neikvæðrar samlíðunar með öðrum reyni hún að gera allt sem í hennar valdi stendur til að bæjja þeirri líðan frá sér „[v]egna þess að [hún] [...] hef[ur] séð með eigin augum og fundið á eigin skinni hversu tærandi það er að langa til að breyta því sem enginn fær breytt“ (154). Og bætir síðar við nánari útskýringu á því hvað hún á við:

Við sem gistum katakombur hugans, felubörn ljóssins og glæp-
anna, við verðum að sjást og finnast til að geta leyft okkur lúxus
samviskubits og þunglyndis. Við sem berum bagga þöggunarinnar
vitum að það bætir ekkert að velta sér upp úr hlutunum,
að óheilbrigð samkennd gerir illt verra,
að sektarkenndin er flótti frá staðreyndum,
að sorgin lamar viljann,
að þyngslin hamla,
að deyfðin drepur,
að neyðin kennir ekki naktri konu að spinna,
að gleðin er eina vopnið gegn myrkrinu,
að gleðin er sterkasta aflið í óréttlátum heimi,
að gleðin færir mann nær sáttinni við dauðann,
að gleðin er sterkasta afl heimsins. (154–155)

Orð Dísu sýna að staða hennar í tilverunni, sú staðreynd að hún deilir kroppi með Gríms, hefur haft þau áhrif að hún hefur fengið að finna fyrir vissri upplifun – sbr. samviskubit Gríms og afleiðingum þess – án þess þó að hafa átt upptökin að þeirri líðan sjálf. Vegna þess hve sjaldan Dís hefur fengið tækifæri til að vera í líkamsplássinu hefur hún lært að nýta tímann vel, njóta hverrar stundar og halla sér frekar að gleðinni en því sem miður fer. Lífsviðhorf Dísu rímar því ágætlega við kenningar hugrænnar atferlismeðferðar⁵⁶ um leið og hún vitnar um stríðandi átök sjálfsins, gleðin tengist því bælda en þyngslin röddinni sem fengið hefur að hljóma.

⁵⁶ Sú meðferð er tvíþætt. Annars vegar felst hún í því að menn læra að þekkja ósjálfráðar neikvæðar hugsanir og taka þær til gagnrýnnar skoðunar, þ.e.a.s. skaðlegar rangar hugsanir eru afhjúpaðar og felldar með rökum. Hins vegar eru borin kennsl á háskalega hegðun og henni breytt meðvitað vegna þess að hún er óskynsamleg. Magnús Blöndahl Sighvatsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Engilbert Sigurðsson og Jón Friðrik Sigurðsson, „Gagnsemi hugrænnar atferlismeðferðar við lyndis- og kvíðaröskunum hjá fullorðnum“, *Læknablaðið* 97: 11/2011, bls. 613–619.

Þriðja og síðasta ólíkindaeinkennið „snýr [...] að ytra byrðinu, klæðnaðinum“ (161). Samkvæmt Dísu hefur Gríms fengið ótal athugasemdir um hvernig hún kys að klæða sig, athugasemdir sem hún skrifar „jafnóðum hjá sér í svörtu bókina af því að þær draga hana niður og gera hana órugga og hrædda“ (161). Dísa segir að þótt hún þoli ekki bókina fletti hún henni „reglulega spjaldanna á milli“ (162); hún hefur m.ö.o. áhrif á hana líka.

Athugasemdirnar um fatnaðinn eru margvíslegar eins og upptalning Dísu á þeim sýnir:

- Alltaf í svörtu, sagði heilari.
- Svört einsog samviskan, sagði fréttamaður.
- Svört einsog syndin, sagði skólafélagi.
- Svartklædda skáldkonan, sagði blaðamaður.
- Svart í stíl við svart litað hár, sagði blaðakona.
- Svart til að undirstrika dulúðina, sagði kollegi.
- Svart til að grennast, sagði systir.
- Svart til að sjást ekki í myrkri, sagði grínisti í sjónvarpi.
- Svart til að skapa sér stíl, sagði grínisti í útvarpi.
- Svört einsog blindniðamyrkrið, sagði vinur.
- Svört einsog þokan, sagði vinkona.
- Svört einsog dauðinn, sagði búðarkona.
- Svört einsog köttur, sagði sonur.
- Svört einsog djöfullinn, sagði maður á bar.
- Svört einsog harmsaga, sagðir þú. (162)⁵⁷

Eins og sést koma athugasemdirnar úr ýmsum áttum, jafnt frá nákomnum sem og ókunnugum. Upptalningin sýnir vel hversu tamt fólki er að búa til ástæður fyrir því hvers vegna menn eru eins og þeir eru og í sömu mund hversu óhrætt það er við að tjá þær, gjarnan án þess að velta fyrir sér hvort þær eru særandi. Ummælin hér að ofan eru vissulega misalvarleg en sífellt endurtekning þeirra, í ólíkum myndum, hefur augljóslega haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd Gríms, að minnsta kosti að mati Dísu, enda er svartu liturinn sýnilega fremur litinn neikvæðum augum en jákvæðum.

Dísa segir að Gríms sé „alltaf svartklædd til að breiða yfir sín lúnu og lélegu bein og sína lúnu og lélegu ásýnd“ (162) og bætir við að henni finnist „þessi eymdarinnar klæðnaður gjörsamlega óþolandi“ (162). Orð Dísu eru

⁵⁷ Hér kann skáldskap og veruleika að slá saman hjá þeim lesendum sem vita að höfundurinn Vigdís Grímsdóttir hefur verið svartklædd drjúgan hluta ævinnar.

írónísk því þau ýta undir að lesendur hugsi um Dísu og Gríms sem tvær ólíkar manneskjur með sitthvorn búkinn og ólík andlit þegar staðreyndin er auðvitað sú að þær eru líkamssystur sem hafa sömu ásýndina og sömu beinin.

Dísa ræðir reglulega um þunglyndi Gríms en það tengir hún svarta litnum/klæðnaðinum. Það er ekki óvænt því „myrkur“ eða „sorti“ er sú líking sem algengast er að menn noti þegar þeir lýsa þunglyndi.⁵⁸ Líkingin vísar til þess að þeim þunglynda finnst að hann lifi í myrkri eða í heimi án birtu, hann sér ekki fram úr aðstæðum og upplifir vanmátt og einangrun.⁵⁹ Sjálf segist Dísa aldrei klæðast svörtu heldur standi hún með sjálfri sér og klæði sig glatt en gulur er hennar eftirlætis litur.⁶⁰ Það kemur ekki á óvart því hann er sá litur sem er sá bjartasti sem augað nemur og hefur meðal annars verið tengdur gleði, hjartasýni, orku og sköpunarhæfni – það er öllum þeim kostum sem Dísa leggur áherslu á að einkenni hana en hafi verið haldið niðri af Gríms.⁶¹ Hugtakslíkingin jákvætt er birta/gult; neikvætt er myrkur/svart einkennir allan málfutning Dísu því hún notar markvisst litina svartan og gulan til að sýna muninn á þeim stöllum og ólíka samfélagsstöðu þeirra.⁶² Það er rökrétt að Dísa tengi svarta litinn neikvæðum þáttum í fari Gríms vegna valdaójafnvægisins sem ríkt hefur á milli þeirra. Með umtalinu um svarta litinn afhjúpar Dísa bæði þverstæðuna sem einkennir samfélagið og óöryggi Gríms gagnvart því. Á sama tíma og Gríms reynir að fela leyndarmál þeirra stallna og haga sér eins og samfélagið ætlast til af henni er hún

⁵⁸ Dagný Kristjánsdóttir, „Hugsýki“, *Undirstráumar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 326–342, hér bls. 339–340.

⁵⁹ Sjá t.d. sama heimild, bls. 340; George Lakoff, Jane Espenson og Alan Schwartz, *Master Metaphor List*, Second Draft, Berkeley: University of California, október 1991 [ágúst 1989], hér bls. 193; C.R. Snyder, „Hope and depression: A light in the darkness“, *Journal of social and clinical psychology*, 23: 3/2004, bls. 347–351, hér bls. 348.

⁶⁰ Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 163.

⁶¹ Sbr. Wei-Lun Chang og Hsieh-Liang Lin, „The impact of color traits on corporate branding“, *African Journal of Business Management* 4: 15/2010, bls. 3344–3355, hér bls. 3346–3350.

⁶² Bókarkápa sögunnar er tvískipt. Efri hluti hennar er gulur en sá neðri svartur. Á gula hlutanum er mynd af ungri brosandí stúlku en á þeim svarta er dökk og dulúðleg mynd af hálfu andliti Vigdísar Grímsdóttur á hvolfi. Á gula partinum standa svartir stafir sem mynda orðið DÍSU en inni í hverjum þeirra er gulur stafur sem saman mynda orðið SAGA. Áhersla er þar með lögð á tvískiptinguna, eða klofninginn: kápan og titillinn er klofinn rétt eins persónan Vigdís í Dísu og Gríms. Sbr. Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Eins og gult og svart“, *Spássían – á vefsíðu*, 2013. Ritdómurinn er ekki lengur aðgengilegur á internetinu en hér er vísað í hann með leyfi höfundar.

gagnrýnd fyrir aðferðirnar sem hún beitir til þess. En þversagnirnar eru jafnt hið innra sem ytra því enn á ný vitna lýsingar Dísu um stríðandi öfl innan sömu persónu.

Vegna stöðu sinnar í tilverunni kýs Dísu að horfa framhjá því að þverstæðukennd ástæða kunnri að vera til þess að Gríms klæðist svörtu, þ.e. að svarti liturinn sé ekki einvörðungu birtingarmynd eða afleiðing þunglyndisins heldur noti Gríms hann markvisst til að vernda sjálfa sig og hafa stjórn á líkama sínum og aðstæðum. Að sama skapi fá lesendur aðeins að vita um eina hlið gula litsins sem Dísu heldur svo uppá:

Já, ég elska allt sem *gult* er, sólina, sóleyjarnar, fíflana, sólblómin, sítrónuna, bananann, nefndu allt *gult* sem þér dettur í hug, og ég elska það og ég verð alltaf glöð og himinsæl nálægt því. Þannig er líka þrá mín eftir þér, hún er *gul*, löngun mín í þig, hún er *gul*, von mín eftir að þú komir til mín einu sinni enn, hún er *gul*. Allur drifkraftur minn er *gulur*, öll einbeiting mín er *gul*. Það má eiginlega segja að ég sé *gul* manneskja með *gul* gleðigildi. (164, leturbr. mín)

Dísu notar endurtekningu til að setja á oddinn ást sína á gula litnum og til að leggja áherslu á muninn á sér og Gríms. Þó guli liturinn sé alla jafna tengdur jákvæðum eiginleikum hefur hann líka verið túlkaður sem líking fyrir öfundskýki, kvíða og ótta.⁶³ Öll þessi einkenni má greina í fari Dísu ekki síst afbrýðisemina. Dísu öfundar Gríms af ýmsu en þó einkum af frelsinu og öllu sem því fylgir eins og til dæmis að hafa stjórn á líkamanum, hafa haft tækifæri til að eignast vini og fjölskyldu, getað sinnt ritstörfum og auðvitað af sambandinu við kisa.

Ólíkindaeinkennin þrjú, þolinmæðin, samviskubitið og klæðnaðurinn, eru góð dæmi um hvað greinir þær Dísu og Gríms að. Umfjöllun Dísu sýnir vel hvernig Gríms hefur reynt að aðlagast samfélaginu og haga sér eftir ákveðnum samfélagslegum viðmiðum um leið og hún útskýrir hvers vegna Gríms hefur viljað halda Dísu niðri í holunni. Miðað við lýsingar Dísu sjálfar er hún að minnsta kosti uppreisnargjörn, óhrædd við að skera sig úr fjöldanum og andæfa ríkjandi samfélagshugmyndum, hún þorir semsagt, ólíkt Gríms, að hegða sér á annan hátt en samfélagið krefst af einstaklingum. Umfjöllunin afhjúpar líka þverstæðu Gríms sem er ekki aðeins hörð og töff heldur einnig óórugg og viðkvæm. Ástæða þess að Dísu tilgreinir ólíkindaeinkennin þrjú sérstaklega og fjallar ítarlega um hvert og eitt þeirra er ekki

⁶³ Sbr. Wei-Lun Chang og Hsieh-Liang Lin, „The impact of color traits on corporate branding”, bls. 3346.

aðeins til að sýna muninn á sér og Gríms heldur einnig til að draga fram í dagsljósið eiginleika sína á kostnað öryggis Gríms. Það virðist hún ekki síst gera til að ganga í augun á kisa því hún þráir ást hans og samþykki. Ef til vill er þó orðum hennar ekki síður ætlað að vekja Gríms til umhugsunar um að Dísu hafa ýmsa kosti sem gætu gagnast þeim báðum.

Hin mikla gagnrýni Dísu í umfjöllun hennar um ólíkindareinkennin er athyglisverð í ljósi þess að hún gagnrýnir Gríms líka þegar hún fer ekki eftir ákveðnum ríkjandi viðmiðum samfélagsins. Til dæmis setur hún á langar ræður um reykingar Gríms og áhrif þeirra á líkama þeirra stallna svo ekki sé talað um þegar hún ræðir sjálfsskaðann sem Gríms beitir þegar hún rakar endurtekið af sér allt hárið.⁶⁴ Í báðum tilvikum dregur Dísu upp skýrar andstæður á milli sín og Gríms um leið og hún setur sjálfa sig markvisst í hlutverk brotapolans sem getur lítið sem ekkert gert gegn kúgun kvalarans. Gagnrýnin sýnir best þversagnirnar sem einkenna báðar raddirnar – Dísu þykist vera uppreisnarseggur en fylgir líka straumnum – maður á ekki að reykja og raka af sér hárið – rétt eins og Gríms.

Dísu + Gríms = Vigdís Grímsdóttir

Dísusaga er ekki fyrsta sagan sem Vigdís hefur skrifað þar sem fjallað er um klofning manneskjunnar í tvær persónur og erfiðleikana sem því fylgja. Það gerði hún til dæmis eftirminnilega í barnabókinni *Gauti vinur minn* sem kom út árið 1996 en þó á eilítið annan hátt en í *Dísusögu*. Sagan er fantasía sem gerist í nokkrum heimum en í einum þeirra segir frá aukapersónunni Manna en innra með honum búa tvær raddir sem heita Reiði og Fúli:

–Nú ertu klár, Manni, sagði röddin innan í mér.

–Þegiðu, sagði önnur rödd.

Og nú vissi ég að ég var með tvær raddir innan í mér sem töluðu saman en þannig hafði ég ekki verið áður.

Önnur röddin var lúmsk.

En hin röddin var grim.

–Ég heiti Reiði, sagði grimma röddin.

⁶⁴ Sjálfsskaði er ein af algengum afleiðingum kynferðisofbeldis, en birtingarmyndir hans eru ýmsar, svo sem að fólk skeri sjálf sig, brenni sig, slái höfði í hluti og taki inn of stóra skammta af lyfjum. Einatt skaðar fólk sjálf sig til að takast á við erfiðar tilfinningar og/eða aðstæður sem það telur sig ekki ráða við. Bessel A. van der Kolk, *The Body Keeps the Score: Brain, Mind, and Body in the Healing of Trauma*, New York: Penguin Books, 2015, bls. 143–145.

–Og ég heiti Fúli, sagði lúmska röddin.

–Og saman heitum við Manni, sögðu þær í kór og skellihlógu.⁶⁵

[...]

Ég hristi hausinn vegna þess að Reiði og Fúli voru aldrei sammála og af því að mig verkjaði svo mikið. Það var eins og litlar flugvélar rækjust sífellt á inni í hausnum á mér og í hvert skipti kom blossi og á eftir blossanum kom sár, blár og stingandi verkur.

–Þú hefur gott af að finna til, sagði Reiði.

–Þú ferð kannski að hugsa ef þú finnur fyrir hausnum á þér, sagði Fúli.

Mikið hefði ég óskað þess að ég væri laus við raddirnar.

Ég hefði gefið allt til að losna við þær.

En þær fóru ekki. (G. 54–55).

Ástæðu klofningsins í Manna má rekja til þess að vinir hans stríddu honum á því að vera með „stór og asnaleg eyru“ (G. 52) en þá fann hann reiðina innra með sér og í kjölfarið urðu raddirnar tvær til. Vegna reiðinnar getur Manni ekki fyrirgefið vinum sínum en reglan í heiminum sem hann býr í er sú að þeir sem geta ekki fyrirgefið eru gerðir að landamæravörðum með tvo hausa þangað til þeir losna úr álögnum. Eins og fram kemur í bókinni eru það álög að vera með tvo hausa því einn haus nægir öllum mönnum.⁶⁶ Til að losna úr álögnum „verða hausarnir að geta sagt það sama með báðum munnunum. Og þeir verða að tala við einhvern sem langar að hlusta.“ (G. 61) En það er þó ekki nóg því „[t]il að losna að eilífu úr álögum“ (G. 62) er einnig nauðsynlegt „að hlusta á leyndarmál bjargvætta“ (G. 62). Í sögunni rætist þrá Manna; hann losnar við raddirnar því aðalpersónurnar tvær, Begga og Gauti, hlusta bæði á hann og deila með honum leyndarmálum sínum.

Frásögnin af Manna og röddunum Fúla og Reiða kallast á við Vigdís, Gríms og Dísu. Munurinn er hins vegar sá að önnur sagan er fantasía þar sem hægt er að losna úr álögnum en hin ekki. Sé *Dísusaga* tekin bókstaflega og litið á Gríms sem höfund allra bóka Vigdísar Grímsdóttur mætti líta svo á að samning bókarrinnar *Gauti vinur minn* sé aðferð Gríms til að skapa heim þar sem óskir geta ræst. *Dísusaga* er hinsvegar naumast fantasía en í heilu lagi vitnisburður um hversu erfitt það er að hafa tvær raddir í kollinum

⁶⁵ Vigdís Grímsdóttir, *Gauti vinur minn*, Reykjavík: Iðunn, 1996, bls. 53. Eftirleiðis verður vísað til sögunnar með G. og blaðsíðutali í sviga.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 61.

sem eru alltaf á öndverðum meiði. Sumir gagnrýnendur bókarinnar töldu rifrildi Gríms og Dísu trufla flæði verksins og vera of langdregin.⁶⁷ Slík viðhorf sýna vel óþægindin sem gagnrýnendur hafa upplifað við lesturinn en listfengi bókarinnar ræðst meðal annars af því að vegna stöðugra framígripa raddanna tveggja í verkinu fær lesandi, að hluta, að upplifa sársaukafullar afleiðingar ofbeldisins sem Dísar varð fyrir. Lesandi kann því að öðlast betri skilning á lífi Dísu og Gríms en ekki síst sviðsettrar Vigdísar Grímsdóttur. Staðreyndin er nefnilega sú að þó *Dísusaga* sé ekki fantasía þar sem óskir geta ræst, eins og í *Gauta vini mínum*, er sagan engu að síður sjálfsþerapía því hún er aðferð til að fella tiltekna reynslu í orð, skilja hana og fá aðra til að sýna henni skilning.

Ein aðferð sem hefur verið notuð í sálfræðimeðferðum er svo kölluð „tveggja stóla samræða“ (e. *two-chair dialogue*) en hún rímar vel við klofninginn og frásagnaraðferðina í *Dísusögu* því hana má nota til að útskýra samræðuferli raddanna tveggja, Dísu og Gríms. Eins og í kenningunni um samræðusjálfið er í þessari aðferð gert ráð fyrir að sjálfið sé allavega tvískipt, í því kunni að vera tvær ólíkar raddir sem takast á.⁶⁸ Aðferðin er notuð í sálfræðimeðferðum þegar ráðgjafinn áttar sig á því að átök á milli ólíkra hluta sjálfsins skapa streitu hjá skjólstaðingnum en í stuttu máli felst hún í því að hann færir sig beinlínis á milli tveggja stóla eftir því hvaða rödd sjálfsins

⁶⁷ Ingveldur Geirsdóttir, „Að reyna að elska sjálfan sig og aðra“, *Morgunblaðið*, 29. nóvember 2013 og Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Eins og gult og svart“. Þó Þórdís gagnrýni framígripin bætir hún við mikilvægri athugasemd um gildi þeirra: „Samræður þeirra gera það þó að verkum að lesandinn neyðist til að taka þátt í klofningnum. Lesandanum er kipt út úr frásögninni og í staðinn smýgur naggið í þeim stöllum inn í höfuð hans og eykur ef til vill skilning á aðstæðum Dísu og Gríms.“ Sama heimild.

⁶⁸ Aðferðin var fyrst notuð árið 1955 af Blue Carstenson en hefur verið innlimuð í ýmsar aðrar gerðir meðferða í gegnum árin en meðal annars hefur henni verið spyrnt saman við kenninguna um samræðusjálfið. Sjá t.d. Blue Carstenson, „The auxiliary chair technique – a case study“, *Group Psychotherapy*, 1955, bls. 50–56; William J. Whelton og Leslie S. Greenberg, „From discord to dialogue: internal voices and the reorganization of the self in process-experiential therapy“, *The Dialogical Self in Psychotherapy*, ritstj. Hubert J.M. Hermans og Giancarlo Dimaggio, New York: Brunner-Routledge, 2005, 108–123. Í inngangi að greinasafninu *The Dialogical Self in Psychotherapy: An Introduction* segja ritstjórnarnir Hubert J. M. Hermans og Giancarlo Dimaggio að í gegnum tíðina hafi menn verið að vinna með svipaðar hugmyndir um samræðusjálfið en þó undir ólíkum nöfnum og misjöfnum formerkjum. Hubert J. M. Hermans og Giancarlo Dimaggio, „The dialogical self in psychotherapy: introduction“, *The Dialogical Self in Psychotherapy*, ritstj. Hubert J. M. Hermans og Giancarlo Dimaggio, New York: Brunner-Routledge, 2005, bls. 1–10, hér bls. 5.

hann er að túlka. Gert er ráð fyrir að önnur röddin sé rödd sjálfsgagnrýni en hin sé rödd reynslu-sjálfsins sem er þá skotspónn gagnrýninnar eða sá hluti sjálfsins sem finnur til vegna aðfinnslanna. Tveggja stóla samræðan miðast því við að skipta sjálfinu bókstaflega í tvo hluta eða tvær raddir sem tala hvor við aðra en ekki við sálfræðinginn sem stýrir meðferðinni. Þessi aðferð gerir einstaklingnum ekki einungis kleift að miðla hugsunum eða ákveðnum sjónarhornum heldur líka líkamlegum og tilfinningalegum sviðum sjálfsins.⁶⁹

Samræðan á milli raddanna tveggja hefst með almennum árásum og gagnrýni frá sjálfsgagnrýni-röddinni sem síðar þróast út í beinskeyttari aðfinnslur. Oft er gagnrýnin tjáð með miklum ofsa og ákafa sem veldur sársauka í sjálfinu. Hin röddin reynir gjarnan að svara fyrir sig með kvörtunum og afsökunum eða gerir gagnarásir sem þó eru fremur yfirborðskenndar. Að lokum bregst þó þessi hluti sjálfsins við gagnrýninni með því að finna fyrir og tjá mikinn sársauka og leiða. Í kjölfarið má greina breytingar hjá báðum röddum. Röddin sem hefur verið gagnrýnd fer til dæmis að láta í ljós langanir sínar og þarfir af meiri hörku en áður og jákvæðari tilfinningar eins og reiði og stolt gera frekar vart við sig. Gagnrýnin hjá hinni röddinni dvínar en í staðinn kann hún að tjá ótta sem er gjarnan undirstaða aðfinnslanna. Fullkomin lausn mála felst iðulega í því að gagnrýni-hlið sjálfsins mykist og sýnir frekari samkennd eftir því sem hinum hlutanum vex ásmegin. Í kjölfarið geta raddirnar hafið almennilega samræðu sín á milli því á þessum tímum er bádvar hliðar sjálfsins farnar að tjá mikilvæg gildi og þarfir sem brýnt er að ná sátt um.⁷⁰

Próun samræðna Dísu og Gríms er í anda þess sem gerist í tveggja stóla samræðum. Eins og þegar hefur verið fjallað um orka raddirnar í sjálfri Vigdísar Grímsdóttur bókstaflega eins og tvær ólíkar persónur – eða eins og sitthvor hlutinn af sjálfinu – en Gríms minnir á sjálfsgagnrýni-röddina og Dísu á rödd reynslu-sjálfsins. Sársaukinn sem Dísu hefur fundið fyrir vegna átaka á milli sín og Gríms er undirstaða allra gagnarásanna sem hún gerir í skrifum sínum. En þrátt fyrir árásirnar er gagnrýni Dísu yfirborðskennd því hún vîkur margsinis að þrá sinni um að þær Gríms vinni saman og að valdahlutföllin í sambandinu verði jafnari. Eftirfarandi dæmi eru til marks um það:

Það er þá kannski skynseminnar vegna sem ég veit að við hefðum

⁶⁹ William J. Whelton og Leslie S. Greenberg, „From discord to dialogue“, bls. 115–116.

⁷⁰ Sama heimild, bls. 116.

alltaf getað haldið betur á öllu og eigum ennþá feitan möguleika á að gera það. Feitan, Gríms, feitan. Þú þarft bara að draga úr karlrembunni, losa um höftin og leyfa mér að vera með. Þú veist svo vel að ég mundi aldrei reyna að skyggja á þig. Ég vil bara mitt pláss með þér. (138)

ég þrái samruna okkar [Gríms],
 ég vil ekki berjast við sessunaut minn,
 ég vil að hann elski mig,
 ég vil að hann viðurkenni mig,

[...]

ég vil ekki berjast,
 ég vil sættast,
 ég vil sameinast, (176–177)

Átökin í sjálfinu eða togstreitan á milli raddanna er ekki síst til komin vegna þess að vilji Gríms og Dísu er ekki sá hinn sami. Dísu veit að hún losnar aldrei við Gríms og að lífið verður aldrei eins og það var fyrir nauðgunina. En hún veit líka að til þess að sambandið gangi upp og þeim stöllum líði báðum vel er aukin samvinna lykilatriði svo styrkur beggja radda fái tækifæri til að njóta sín. Ástæða þess að Gríms hefur komið í veg fyrir slíka samvinnu er vafalaust margþætt. Sjálf telur Dísu að hræðsla Gríms við samfélagsálitid hafi skipt mestu, hún hafi óttast að „menn áttuðu sig á henni“ (251) og kæmst að leyndarmálum þeirra. Samkvæmt Gríms er ástæðan þó önnur; hún hafi mest óttast „að verða lokuð inni“ (251) á sjúkrahúsi. Útskýringar beggja radda eru ekki eins ólíkar og þær gætu virst í sjónhendingu; báðar fela í sér hræðsluna við almenningsálitid; hræðsluna við að játning um tvær raddir í sama höfði verði túlkuð sem einkenni geðveiki. Slíkur ótti er vel skiljanlegur en nefna má að þannig voru ímyndaðir vinir fullorðinna gjarnan afgreiddir.⁷¹

⁷¹ Ímyndaðir vinir eru hér sérstaklega nefndir vegna þess að hægt væri að túlka Gríms sem ímyndaðan vin Dísu. Áður fyrr voru ímyndaðir vinir fullorðinna taldir vera skýrt merki um geðveiki. Menn töldu enda lengi vel að ímyndaðir vinir barna hyrfu um 8–9 ára aldurinn enda þolinmæði fullorðinna þá minni gagnvart þeim en áður. Meiri líkur eru þó til þess að börn og unglingar þegi frekar um vináttuna þegar þau komast til vits og ára og verði varari um sig vegna neikvæðs viðhorfs. Sem betur fer er afstaða af þessu tagi að breytast því staðreyndin er auðvitað sú að ímyndunaraflid hverfur ekki eftir því sem maðurinn eldist og þroskast þó ímyndaðir vinir fullorðinna séu enn vissst tabú. Sbr. Tracy R. Gleason, „Imaginary Relationships“, *The Oxford Handbook of the Development of Imagination*, ritstj. Marjorie Taylor, Oxford: Oxford University Press, 2013, bls. 251–271, hér bls. 256.

Raddirnar tvær eru þó ekki dæmi um ranghugmyndir eða einkenni klofinna persónuleika því eins og Dísu bendir á hafa þær stöllur alltaf vitað hvor af annarri:

Í köflunum hér á undan hef ég vissulega verið að tína til dæmi um ólíka persónuleika okkar Gríms. Það gerði hún líka sjálf í sínum kafla. Og kannski veistu nú þegar það sem langmestu máli skiptir fyrir persónuheildina okkar. Þetta: að þrátt fyrir allt og allt þá höfum við Gríms alltaf vitað hvor af annarri og þá gildir einu hvað hefur gerst í lífi okkar. Svona hefur þetta verið allar götur síðan hún ruddist inn í bernsku mína fyrir fimmtíu árum. Önnur okkar hefur sem sé sjaldan farið í eitt allsherjar blakkát þegar hin situr undir stýri og stjórnar, einsog títt er um þá sem í sálfræðibókum og bíómyndum hafa verið kallaðir klofnir persónuleikar. Við vitum alltaf hvor af annarri og auðvitað ætti því að ríkja jafnvægi á milli okkar. (138)

Til viðbótar við orð Dísu má minna á að séu kenningarnar um samræðu-sjálfið og tveggja-stóla samræðuna hafðar í huga er samtal tveggja radda sama einstaklingsins talið eðlilegt og afar dæmigert fyrir mannlegt atferli. Ótti Gríms er því ef til vill einkum tilkominn vegna þess hve mikið tabú það hefur verið – og er víða enn – að fjalla opinskátt um slíkar samræður.⁷²

Þrátt fyrir hræðslu Gríms er ljóst að hömlurnar sem hún hefur sett Dísu eru teknar að losna. Stöðug baráttan á milli raddanna hefur enda tekið sinn toll eins og þær viðurkenna reyndar báðar; Gríms í upphafi bókar en Dísu undir lok hennar:

Gríms:

En núna, kisi, núna þegar ég skrifa þetta, gerist ég æ þreyttari á valdabaráttunni á milli okkar Dísu Gríms. Reyndar tók sú þreyta að sækja að mér fyrir margt löngu. Ég hef heldur ekki sömu grimmdartökina á sjálfri mér og ég hafði þegar ég var yngri. Ég er

⁷² Það er velþekkt að rithöfundar greini frá því að persónur þeirra taki stundum yfir ritunarferlið með því að segja þeim hvað þeir eigi að skrifa. Með hliðsjón af ímynduðum samböndum rithöfunda og persóna þeirra þykja slíkar játningar eðlilegar og sjálfsagðar en eins og Marjorie Taylor og Anne M. Mannering hafa bent á er líklegt að í öðru samhengi séu slíkar játningar taldar merki um ranghugmyndir eða vísbending um geðræn veikindi. Marjorie Taylor og Anne M. Mannering, 2006, „Of Hobbes and Harvey: The imaginary companions created by children and adults“, *Play and development: Evolutionary, sociocultural, and functional perspectives*, bls. 227–245, hér bls. 239.

einvern veginn tekin að linast, mildast; kannski er mér líka meira og minna farið að standa á sama um hvað fólki finnst, og kannski er ég farin að efast um að styrkur minn hafi í rauninni verið meiri en styrkur hennar, efast um að ég hafi raunverulega haft meira vit en hún; kannski er það þess vegna sem ég ætla mér að víkja, þess vegna sem ég mun ekki fylgja þessari bók úr hlaði mikið lengur, þess vegna sem ég skrifaði undir samkomulagið okkar. Það er svo margt í þessu, kisi. (18)

Dísa:

Ég finn að ég er að mildast og í dag er ég viðkvæm líka [...] En kannski er tilfinningin einföld og hefur ekkert með málrök að gera; kannski segir hún mér bara að ég nenni ekki að berjast lengur við Gríms, nenni ekki átökum, rifrildi, ósamkomulagi; kannski er ég orðin þreytt á glímunni við hana og þrái bara að vera báturinn sem ruggar á öldunni, regndropinn sem rennur niður rúðuna, fjallið sem skiptir litum; kannski nenni ég bara hinu hæga og hljóða.

Getur verið, getur svo meira en verið, vinur minn. (315)

Þreytan sem einkennir ummæli Dísu og Gríms staðfestir ekki einungis að þær eru báðar uppgefnar á átökunum heldur líka að þær eru loksins tilbúnar að ræða saman af alvöru og ná sátt um verkaskiptingu og samvinnu. Raunar má segja að almennileg samræða þeirra á milli sé þegar hafin en upphafi hennar hafi verið þegar Gríms tók ákvörðun um að leyfa Dísu að skrifa sögu sína. Þar með gaf hún Dísu í fyrsta skipti tækifæri til að skína, vera frjáls og við stjórnvölinn. Engu að síður óttast Gríms skrif Dísu, eins og er oft einkennandi fyrir sjálfsgagnrýnis-röddina í tveggja-stóla samræðum. Óttinn er til dæmis forsenda reglnanna í samkomulaginu í upphafi bókar og ýmissa athugasemda sem Gríms lætur falla varðandi skrif Dísu þegar henni finnst Dísa of aðgangshörð og/eða gagnrýnin. Óttinn verður þó aldrei til þess að Gríms svíki sinn hluta samkomulagsins og taki völdin af Dísu sem sýnir vel hversu langt þær eru komnar í bataferlinu.

Að lokum

Skrif Dísu eru svo sannarlega óvægin og gagnrýni hennar beinskeytt. Hún vill ekki tala undir rós heldur vera hreinskilin og ræða opinskátt um líf sitt og Gríms. Enda þótt aðfinnslur hennar komi stundum illa við Gríms er

markmið hennar ekki að draga sambýliskonu sína niður heldur þvert á móti er hún „að hamast við að reyna að rífa tvær sjálfstæðar manneskjur upp á rassgatinu og sætta þær“ (202), eins og hún segir sjálf. Einn liður í sáttarferlinu felst í því að Dís nefnir ýmis dæmi þar sem samvinna hennar og Gríms hefur verið velheppnuð; eins og til að sannfæra þá síðarnefndu um mikilvægi samstarfsins. Í því samhengi ræðir hún til dæmis um samskipti sín við börnin þeirra og hversu vel hún náði til þeirra⁷³, segir frá sleðaferðinni með kisa sem fannst hún þar miklu „léttari og frjálsari og fallegri“ (94) en í öðrum aðstæðum og nefnir að hún hafi alltaf hlaupið undir bagga með Gríms þegar þess þurfti, til dæmis þegar Gríms treysti sér ekki til að mæta í kennslu. Þá bendir Dís einnig á að hún og Gríms séu alltaf með svört sól-gleraugu, komi þær því við, til að vernda sjónina því þær séu með ættlæga gláku.⁷⁴ Hún viðurkennir einnig að hún sé afar þakklát Gríms fyrir hvað hún hjálpaði henni þegar hún varð fyrir ofbeldinu – þó hún hafi viljað losna við hana eftir nauðgunina – og leggur um leið áherslu á mikilvægi þess að hafa fengið tækifæri til að greina frá glæpnum og segja sögu þeirra stallna:

En ég þakka þér samt fyrir, Gríms. Ég þakka þér fyrir það góða sem þú gerðir mér þarna í helvítis skúrnum og þakka þér fyrir að leyfa mér að skrifa þessa bók. Það skipti mig öllu máli einsog þú veist. Það breytir öllu, það mun líka breyta þér, það mun kannski breyta þér eins mikið og heimsóknin til hennar Diddu frænku breytti öllu á sínum tíma. Og ef þú skilur það ekki núna þá áttu eftir að gera það seinna. (129–130)

Skrif Dísu breyta svo sannarlega öllu. Sagan er vendipunktur í lífi Dísu, Gríms og sviðsettrar Vigdísar. Hún er upphafið að samræðu sem er grundvöllur þess að Dís og Gríms komist að samkomulagi um ákveðnar þarfir og mikilvæg gildi sjálfsins, geti samið um verkaskiptingu en umfram allt náð sáttum. Samræðan er ekki einvörðungu á milli raddanna tveggja heldur beinist hún einnig að lesendum bókarinnar. Hún er aðferð til að sýna þeim þverstæðurnar sem búa í öllu fólki, útskýra hvernig ömurlegur glæpur getur haft áhrif á allt líf einstaklings og leið til að opna umræðuna um ofbeldi og áhrif þess enn frekar í samfélaginu. Enda þótt *Dísusaga* sé ekki fantasía kallast lausn hennar engu að síður á við áðurnefnt atriði úr *Gauta vimi mínimum* því á vissan hátt er álögum Dísu, Gríms og sviðsettrar Vigdísar af-

⁷³ Sjá t.d. Vigdís Grímsdóttir, *Dísusaga*, bls. 224–227.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 167.

létt: leyndarmálin eru komin í ljós, óttinn er óþarfi og nýtt líf getur hafist. Samhljómurinn sem Dísu finnur svo sterkt fyrir með Gríms hlýtur að teljast meginniðurstaða bókarinnar og að lestri loknum er hann vonandi einnig upplifun fleiri en hennar:

Og skyndilega finn ég fyrir einhverri harmóníu á milli okkar, harmóníu sem ég hef ekki fundið fyrir áður. Úa. Úa. Úa. Það er gott að geta veitt henni öryggi og ég vona að hún sjái að heimilið er staður okkar beggja, að við erum sambýliskonur í sama húsi, á sömu hæð, í sömu íbúð, í sama kroppi, í sama höfði, í sama blóði. (247)⁷⁵

ÚTDRÁTTUR

„sambýliskonur [...] í sama kroppi, í sama höfði, í sama blóði“ Um samband Dísu og Gríms í *Dísusögu* eftir Vigdís Grímsdóttur

Í greininni verður fjallað um *Dísusögu* eftir Vigdís Grímsdóttur. Verkið hefur verið kallað skáldævisaga höfundar en í því lýsir Vigdís nauðgun sem hún varð fyrir sem barn og þó einkum afleiðingum hennar. Fram kemur að hún hafi ákveðið að þegja um glæpinn en afleiðingar hans – eins og þeim er lýst í *Dísusögu* – er klofningur hennar í tvær persónur; Dísu og Gríms. Samskipti persónanna og þá ekki síst valdabarátta þeirra verður til umfjöllunar meðal annars út frá kenningum um tráma, samræðusjálfi (e. *Dialogical Self Theory*) og líkingar. Þá verður einnig rætt um mismunandi viðhorf til kynferðisafbrotá á ólíkum tímum með hliðsjón af viðtökum þeirra verka Vigdísar sem hafa verið tengd persónu hennar sjálfrar.

Lykilorð: Vigdís Grímsdóttir, Dísusaga: Konan með gulu töskuna, tráma, samræðusjálfi, líkingar

⁷⁵ Ég vil þakka Bergljótu Soffíu Kristjánsdóttur og Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur fyrir góðar ábendingar og gagnlegar athugasemdir við ritun greinarinnar.

ABSTRACT

„roommates [...] in the same body, in the same head, in the same blood“
About Dísá and Gríms’s relationship in *Dísúsaga* by Vigdís Grímsdóttir

The aim of this article is to discuss the book *Dísúsaga* by Vigdís Grímsdóttir. In the story, which has been categorized as a fictional auto-biography, Vigdís writes about a rape she experienced as a child, focusing on the crime’s effect. She talks about her decision to keep silent about the crime, which leads to – as described in *Dísúsaga* – her being split into two personas, Dísá and Gríms. This article focuses on the communication between the two characters, in particular their power struggle. The analysis that is put forth is based on methods from theories about trauma, dialogical self and conceptual metaphors. In this article different attitudes toward sexual violence in different times is also addressed by looking at the reception of other works by Vigdís, which have been connected to her persona.

Keywords: Vigdís Grímsdóttir, *Dísúsaga*: Konan með gulu töskuna, trauma, dialogical self, metaphors

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Doktorsnemi í íslenskum bókmenntum

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

gus26@hi.is

